



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europpris
FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

3. ágúst 2005 - 206. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MIÐVIKUDAGUR

Tekur myndir af gæludýrum

Inger Helene Bóasson ljósmyndari býður upp á þá þjónustu að taka myndir af gæludýrum. Hún segir að Íslendingar sýni áhuga en séu enn sem komið er feimnir við að koma með dýrin sín í myndatöku.



TILVERAN 12

Stöðnun mitt í sköpun

Hvers vegna skyldu stjórnmalin sitja eftir með svo núturlaga áberandi hætti þegar flest annað í þjóðfélaginu einkennist af vaxandi þekkingu á veröldinni, aukinni fagmennsku og skapandi samkeppni?



Í DAG 16

Formsatriði hjá Liverpool

Evrópumeistarar Liverpool eru komnir í þriðju umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu í gær eftir auðveldan sigur á Kaunas frá Litháen á Anfield í gærkvöldi. Þá munaði nánast engu að Celtic tækist að skrá sig í sögubækurnar.




ÍÞRÓTTIR 24

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA DÁLITIL VÆTA Þurrst að mestu suðvestan og vestan til, annars smáskúr eða súld á við og dreif. Hiti 10-16 stig, hlýjast suðvestan til.

VEÐUR 4



Kelduhverfi logaði í eldglæringum

Eldingar ollu rafmagns-, útvarps- og sjónvarpstruflunum á Norðurlandi. Oddvitinn í Kelduneshreppi segir skepnur hafa hræðst, hestar hlaupið um tún og hunda forðað sér í hús. Eldingu laust niður í rafmagnslínu.

ÞRUMUVEÐUR Óvenjumikið þrumuveður gekk yfir Norðurland í gær og fylgdu því miklar eldglæringar og úrhelli á afmörkuðum svæðum. Helgi Viðar Björnsson, verkstjóri hjá Rafmagnsveitum ríkisins á Kópaskeri, segir að rafmagn hafi farið af öllum bæjum í Kelduhverfi og Óxarfirði í rúma klukkustund þar sem eldingu laust niður í rafmagnslínu. Íbúar Kópaskers, Raufarhafnar og Þórshafnar urðu rafmagnslausir í um fimmtán mínútur af völdum eldingar sem sló niður í aðveitustöð á Kópaskeri.

Útsendingar beggja rása útvarpsins dattu út í Kelduhverfi í rúmar þrjár klukkustundir og útsendingar Stöðvar 2 náðust ekki frá klukkan 15 og fram á kvöld.

Katrín Eymundsdóttir, oddviti í Kelduneshreppi, segir að Kelduhverfi hafi bókstaflega logað í eldglæringum upp úr klukkan 15 og þrumurnar hafi verið mjög kröftugar. „Skepnur hræddust; hestar hlupu um tún og hundar forðuðu sér í hús. Á tímabili varð mér sjálfri ekki um sel og svo var eflaust einnig um fleiri íbúa Kelduhverfis. Mér er ekki kunnugt um tjón af völdum eldinganna en sumar komu mjög nærri húsum og sjálf heyrði ég hvísið í þeim þegar þær komu niður,“ segir Katrín.

Sjálfvirkir eldingamælikerfi í eigu Breta, sem staðsett er á Íslandi, nam á fjögurra klukkustunda tímabili í gær, frá um klukkan 14 og til klukkan 18, hátt í 70 eldingar; flestar á Norðurlandi en einnig nokkrar á Vestfjörðum. Þórður Arason, jarðeðlisfræðingur landsins um eldingar, segir óvænlegt að svo margar eldingar mælist á Íslandi á jafn stuttum tíma og eins sé fremur fátítt að eldingar valdi rafmagnstruflunum á Norðurlandi. „Það er hins vegar ekki óalgengt að eldingar valdi rafmagnstruflunum á Suðurlandi og Suðausturlandi,“ segir Þórður.



RAFMAGN SBILUN Helgi Viðar Björnsson, starfsmaður RARIK á Kópaskeri, skiptir um öryggi á rafmagnslínu við Keldunes í Kelduhverfi.

Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur segir að rekja megi eldingarnar til óstöðugs loftshar sem frekar kalt loft var í háloftunum á sama tíma og loft nær jörðu

var mun hlýrra. „Loftið byltist um og háreistir skúraklakkar mynduðust eins og oft gerist á meginlandi Evrópu að sumarlagi,“ segir Einar. kk@frettabladid.is



ELDUR KVIKNAÐI Í FLUGVÉLINNI Skrokkur vélarinnar brotnaði í tvennt við landinguna.

Flugslys í Toronto:

Farþegaþota brotlenti

KANADA Flugvél frá Air France brotlenti á þjóðvegi nærri Toronto í Kanada í gærkvöldi eftir að hafa hlekkst á í landingu. Samkvæmt fréttaskeytum í gærkvöld komust allir farþegarnir lífs af. Kanadíska fréttastofan CP sagði 243 hafa verið í vélinni. Skrokkur vélarinnar brotnaði í tvennt utan við þjóðveginn og eldur kom upp í henni.

Tíldrög slyssins voru ekki ljós í gærkvöldi en farþegar sögðu vélina hafa orðið fyrir eldingu. Þrumuveður var á þessum slóðum í gær.

Nokkrir farþegar og flugstjóri vélarinnar voru fluttir á sjúkrahús en ekki lá fyrir hve alvarleg meiðslin voru. - grs

Sameining fjármálafyrirtækja:

Milljörðum stokkað upp

VIÐSKIPTI Landsbankinn fær greidda sautján milljarða króna í reiðufé við uppstokkun Burðaráss, sem kynnt var í gær. Jafnframt tekur bankinn yfir eignarhluti Burðaráss í sænska fjárfestingarbankanum Carnegie, Marel og fleiri félögum. Samtals renna eignir að markaðsvirði fjóru tíu milljarða króna inn í Landsbankann. Í staðinn eignast hluthafar Burðaráss nítján prósent í bankanum.

Straumur Fjárfestingarbanki tekur yfir rekstur Burðaráss og eignir að verðmæti 57 milljarða króna við sameininguna. Forstjórar félaganna sögðu í gær þetta efla getu félaganna til að ráðast í stórar fjárfestingar. -bg / Sjá í Markaðnum

Fjórtán innbrot um verslunarmannahelgina:

Innbrotspjófur náðist á hlaupum

LÖGREGLUMÁL Fjórtán innbrot voru tilkynnt til lögreglunnar í Reykjavík um og eftir verslunarmannahelgina, það er frá föstudagsmorgni til hádegis í gær, að sögn Harðar Jóhannessonar, yfirlögregluþjóns í Reykjavík. Brotist var inn í sjö bíla og sjö íbúðarhús.

Í sumum tilvikum höfðu þjófarnir lítið sem ekkert upp úr krafsinu, en í öðrum komu þeir höndum yfir ýmis verðmæti. Árvökulir vegfarendur sáu til eins innbrotspjófsins á ferð á laugardagsmorgun þar sem hann var að rokast með þýfi út úr húsi. Þeir



INNBROT Í HÖFUÐBORGinni Fjórtán innbrot voru kærð til lögreglunnar í Reykjavík um og eftir verslunarmannahelgina.

gerðu lögreglunni þegar viðvart og náðist maðurinn á hlaupum.

Hann hafði tekið til meira sem hann hugðist stela inni í húsinu þegar hann var tekinn með fyrsta farm.

Þjófarnir virtust helst vera á höttunum eftir tölvum, myndavélum og sínum. Stærsti þjófnaðurinn var í íbúðarhúsnæði þar sem meðal annars var stolið ferðatölvu og stafrænum myndavélum. Innbrotin voru framin í ýmsum hverfum borgarinnar.

Á sama tímabili í fyrra voru fimmtán innbrot í hús og bíla kærð til lögreglunnar í Reykjavík.

Nýtt viðskiptablað með Fréttablaðinu alla miðvikudaga

MARKAÐURINN
Sögurnar • Tölurnar • Fólkið



SPURNING DAGSINS

Hreimur, ertu sleginn?

„Sleginn... og sterkari fyrir vikið.“

Hreimur Heimisson söngvari lenti í Árna Johnsen, sem sló til hans á sviðinu á Þjóðhátíð í Eyjum.

Skaftárhlaupið er í rénun:

Hlaupið náði hámarki við Sveinstind

SKAFTÁRHLAUP Hlaupið í Skaftá náði hámarki í gærmorgun en þá mældist rennslið við Sveinstind 720 rúmmetrar á sekúndu.

Að sögn Sverris Óskars Elefsen hjá Vatnamælingum Orkustofnunar er því hlaupið orðið álíka hlaupunum 2000 og 2002 en mun stærra og meira en síðasta hlaup, sem var 2003.

Rennsli Skaftár við Kirkjubæjarklaustur mældist rúmlega 114 rúmmetrar á sekúndu í gærmorgun en um miðjan dag náði

það svo hámarki. Við Kirkjubæjarklaustur hefur áin kvíslast og er því öllu minni en við Sveinstind.

Ekki hefur ennþá gefist færi á að fljúga yfir Vatnajökul til að sjá úr hvorum katlinum hlaupið kemur og liggur það því á huldu að sögn Sverris Óskars.

Oddsteinn Kristjánsson, bóndi í Hvammi, segir að áin hafi verið tilkomumest við túnfótinn hjá sér um hádegi í gær en talsvert hafi dregið úr hlaupinu seinnipartinn. Hann segir þó



SKAFTÁRHLAUP Veldi Skaftár var hvað mest í gærmorgun en svo dró úr því síðdegis. Hlaupið nú er svipað og það var árin 2000 og 2002.

að þetta sé með minni hlaupum og segir þau fara minnkandi þó þetta hlaup skáki því síðasta.

„Áður fór hún alltaf yfir veginn en hún hefur það ekki af lengur,“ segir Oddsteinn. - jse



TONY BLAIR John Burton segir Blair ætla að hætta á þingi.

Kjörtímabil Tonys Blair:

Hættir á þingi

LONDON. BBC Þetta er síðasta kjörtímabil Tonys Blair, ekki einungis sem forsætisráðherra heldur einnig sem þingmanns. Þetta er haft eftir John Burton, einum helsta vini og stuðningsmanni Blairs. Blair hefur þegar sagt að hann verði ekki forsætisráðherra á næsta kjörtímabili, sigri Verkamannaflokkurinn aftur.

Miklar vangaveltur hafa verið uppi um hvað Blair taki sér fyrir hendur og hafa störf innan Evrópusambandsins eða Sameinuðu þjóðanna helst verið nefnd. ■

LÖGREGLUFRETTIR

BÍLVELTA Á FLJÓTSHEIÐINI Bifreið valt á þjóðveginum um Fljótshéiði á þriðjudagsmorgun en lögreglan á Húsavík fékk tilkynningu um atvikið um hálfáttalettið. Bifreiðin skemmdist mikið og er jafnvel ónýtt en bílstjórinn, sem var einn í bílnum, slapp með skráður.

17 ÁRA Á 155 Sautján ára gamall piltur var mældur á 155 kílómetra hraða á Reykjanesbraut í fyrrinótt, nærri Smáralind. Hann var einn í bílnum og hélt áfram ferð sinni.

MEÐ FÍKNIEFNI Í BANKASTRÆTI Lögregla fann í gærkvöld lítið magn af fíkniefnum á manni sem var á gangi upp Bankastræti. Voru þau gerð upptæk, en maðurinn hélt áfram ferð sinni þótt hann virtist ólvaður.

Hafa meiri trú á Gísli Marteini

Samkvæmt könnun Gallup telja 37 prósent Reykvíkinga að Gísli Marteinn Baldursson sé líklegastur til að leiða sjálfstæðismenn til sigurs í borginni. Um 30 prósent telja Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson líklegastan.

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR Samkvæmt nýrri viðhorfskönnun Gallup telja tæp 37 prósent borgarbúa Gísli Marteinn Baldursson líklegastan til að leiða lista sjálf-

maður aðstandenda könnunarinnar, segir að ekki hafi verið marktækur munur milli þeirra þegar tekið var tillit til aldurs eða hverfa.

Marteinn segist ekki ætla að gera það upp við sig hvaða sæti hann sækist eftir en hann segir engan hafa haft samráð við sig um gerð þessarar könnunar.

„Ég er mjög þakklátur fyrir þann stuðning sem þessi viðhorfskönnun sýnir,“ segir Vilhjálmur um útkomuna. „Á hinn bóginn er erfitt að lesa ákveðnar niðurstöður úr þessari könnun þar sem ekki er sérstaklega getið um afstöðu sjálfstæðismanna.“ Hann segist vera harðákræðinn í að gefa kost á sér í fyrsta sætið í prófkjöri og bendir á að fylgi flokksins hafi undir hans forystu farið úr fjörtíu prósentum í hátt í fimmtíu prósent. gsr@frettabladid.is

Hvert eftirtalinn telur þú líklegast til að velta R-listanum úr sessi og leiða Sjálfstæðisflokkinn til sigurs í næstu borgarstjórnarkosningum í Reykjavík?

	Fjöldi	Hlutfall%	Vikmörk%
Gísli Marteinn Baldursson	113	36,9	5,4
Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson	91	29,7	5,1
Guðlaug Þór Þórðarson	41	13,4	3,8
Hönnu Birnu Kristjánsdóttur	39	12,7	3,7
Július Vífil Ingvarsson	22	7,2	2,9
Ekkert ofangreindra	183	29,1	
Töku ekki afstöðu	140	22,3	
Fjöldi svarenda	629	100	

Hvorn telur þú líklegri til að velta R-listanum úr sessi og leiða Sjálfstæðisflokkinn til sigurs í næstu borgarstjórnarkosningum í Reykjavík?

	Fjöldi	Hlutfall%	Vikmörk
Gísli Marteinn Baldursson	218	53,6	4,8
Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson	189	46,4	4,8
Fjöldi svarenda	629		

stæðismanna til sigurs í næstu borgarstjórnarkosningum. Næstur kemur Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson með tæp 30 prósent. Auk þeirra mátti velja um Guðlaug Þór Þórðarson, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og Július Vífil Ingvarsson, en 29 prósent aðspurðra töldu eithvert þeirra sigurstranglegast.

Í annari spurningu var aðeins spurt um þá tvo og hlaut Gísli 53,6 prósent en Vilhjálmur 46,4. Marktækur munur var á afstöðu kynjanna: Gísli naut fylgis 51 prósent karla og 56 prósent kvenna en Vilhjálmur 49 prósent karla og 44 prósent kvenna. Einar Örn Ólafsson, tals-

maður aðstandenda könnunarinnar, segir að ekki hafi verið marktækur munur milli þeirra þegar tekið var tillit til aldurs eða hverfa. „Ég er auðvitað mjög þakklátur fyrir þetta traust,“ segir Gísli Marteinn. „Ég met það auðvitað mikils að Reykvíkingar skuli hafa trú á mér, sérstaklega þar sem ég er ekki búinn að lýsa yfir framboði í eitt né neitt. Mér finnst þetta líka hátt hlutfall miðað við að fólk þekkir mig aðallega af öðrum störfum en stjórn-málum, þótt vissulega sé ég búinn að vinna í þeim um nokkurt árabil.“

G Í S L I



Engin niðurstaða komin í viðræðurnar um framtíð R-listans:

Fyrirhuguðum fundi frestað

SVEITARSTJÓRNARMÁL Viðræðunefnd R-listaflokkanna kemur ekki saman í þessari viku eins og fyrirhugað var. Viðmælendur Fréttablaðsins í viðræðunefndinni segja að sumarleyfi og fjarvera einstakra nefndarmanna komi í veg fyrir að fundur geti verið haldinn en búast má við að nefndin komi saman á þriðjudaginn í næstu viku til að ræða framtíð R-listans.

Forystumenn í viðræðunefndinni lýstu því yfir í Fréttablaðinu um þarsíðustu helgi að framtíð R-listans myndi skýrast um og eftir verslunarmannahelgina enda þyldi samstarfið ekki frekari bið þar sem hefja þyrfti kosningaundirbúning flokkanna ef ekkert yrði af samstarfi R-listaflokkanna.

Viðmælendur Fréttablaðsins í viðræðunefndinni telja að næsti fundur geti ráðið miklu en verði



VIÐRÆÐUNEFND R-LISTAFLOKKANNA Engin niðurstaða hefur fengist. Talið er að næsti fundur geti ráðið miklu framtíð R-listans.

ekki endilega sá síðasti. Enginn flokkanna þriggja þori að slíta viðræðunum enn sem komið er og allt kapp sé lagt á að reyna að

koma listanum saman, ekki síst í kjölfar síðustu kannana sem sýni meirihluta Sjálfstæðisflokks í borginni. -hb

Tyrkneskur ferðamannabær: Níu slasast í sprengingu

ANKARA. AP Níu slösuðust í gær þegar tvær sprengingar urðu í ruslafötum í tyrkneska bænum Antalya, sem er vinsæll ferðamannastaður við strönd Miðjarðarhafsins. Lögreglan gat í gær ekki staðfest hvort sprengingarnar hefðu orðið vegna sprengja eða hvort einhvers konar loftþrýstihylki hefði sprungið í hitanum.

Fyrri sprengingin varð um hálf þrjú að staðartíma, þegar verið var að tæma ruslafötu. Seinni sprengingunni varð tíu mínútum síðar.

Kúrdar, íslamskir ófgahópar og vinstrisinnaðir ófgamenn hafa að undanfögnu staðið fyrir sprengingum á ferðamannastöðum í Tyrklandi. ■

Lík níu barna í Þýskalandi:

Móðirin gefur sig fram

FRANKFURT. AP Kona sem grunuð er um að hafa myrt níu nýfædd börn hefur staðfest að þetta hafi verið börn hennar. Hún segist ekki muna hvernig þau dóu.

Konan, sem er 39 ára og hefur einungis verið nafngreind sem Sabine H., var handtekin á sunnudag. Hún er grunuð um manndráp eftir að lögregla fann lík níu barna í blómapottum í þorpi nálægt landamærum Póllands. Talið er að börnin hafi fæðst á árunum 1988 til 1999.

Annette Bargenda, saksóknari í málinu, sagði í gær að konan segðist ekki muna hvernig börnin létust, þar sem hún hefði drukkið mikið á þessum tíma. ■


LÖGREGLUFRETTIR

ÖLUVUÐ Á HRINGBRAUT Kona á fimmtugsaldri var tekin á Hringbraut um þriðjuleitið í gær grunuð um ölvan um við akstur. Hún var flutt á næstu lögreglustöð til sýnatöku.

Íslenskt grænmeti

sérmerkt þér!

TÝNDUR



Lýst er eftir Darra Logasyni. Darri er 185 cm á hæð og með skolleitt hár. Hann hvarf fyrir u.þ.b. fimm mínútum. Síðast þegar heyrðist til Darra var hann að tala við kærustuna sína í síma en þá rofnaði sambandið allt í einu. Hann var í miðri setningu. Hún skilur ekkert hvað hann var að spá. Eru þau ekki örugglega saman ennþá? Er hann kannski ekkert skotinn í henni lengur? **Ef þú sérð Darra, segðu honum að nota SOS næst þegar inneignin klárast.**

1400

1400

1400

1400

1400

1400

1400

1400

SOS
LÁTTU VITA AF ÞÉR

SOS LÁN

Við lánum þér 100 krónur ef inneignin klárast. Sendu skilaboðin **SOS LÁN** í síma 1400.

SOS HRINGDU

Láttu hringja í þig ef inneignin klárast. Sendu skilaboðin **SOS símanúmer** (þess sem á að hringja í þig) í síma 1400.

og

 **vodafone**

Heyrumst!

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 02.08.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	63,98	64,28
Sterlingspund GBP	113,39	113,95
Evra EUR	78,17	78,61
Dönsk króna DKK	10,476	10,538
Norsk króna NOK	9,959	10,959
Sænsk króna SEK	8,341	8,389
Japanskt jen JPY	0,5738	0,5772
SDR	XDR	93,39 94,95

Gengisvísitala krónunnar
109,3156

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Erilsamt hjá lögreglunni í Reykjavík um helgina:

Átján fíkniefnamál í borginni

LÖGREGLUMÁL Átján fíkniefnamál komu til kasta lögreglunnar í Reykjavík um nýliðna verslunarmannahelgi.

„Þarna var um að ræða fólk á götunni, á skemmtistöðum og í heimahúsum,“ sagði Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, sem sagði fjölda mála af þessum toga óvenjumikinn á ekki lengri tíma.

Stór hluti þeirra fíkniefna sem lögreglan haldagði var kannabis-efni, en einnig aðrar tegundir fíkniefna. Flestir sem komu við sögu í málunum voru um tívugt, en einnig var um eldra fólk að ræða.

Hörður sagði að þennan fjölda

mála á fjórum sólarhringum mætti að hluta til rekja til þess að lögreglan hefði verið mikið á ferðinni um verslunarmannahelgina, bæði í miðborginni og úti í hverfunum. Hins vegar færi fíkniefnamálum sem kæmu til kasta lögreglu heldur fjölgandi á milli ára.

Mikill erill var hjá lögreglunni í Reykjavík um helgina, af þessum sökum og öðrum, þótt fjöldi borgarbúa hafi sótt útihátíðir víðs vegar um land.

HÖRÐUR JÓHANNESSON
Lögreglan í Reykjavík var mikið á ferðinni um verslunarmannahelgina, bæði í miðborginni og úti í hverfunum.



Flug frá Eyjum:

500 töfðust vegna veðurs

SAMGÖNGUR Tæplega 500 manns sem áttu flug til Bakka urðu strandaglópar í Vestmannaeyjum á mánudag vegna veðurs, en flug hófst á ný um sexleytið á þriðjudagsmorgun. Búið var að flytja þá alla frá Eyjum um þrjúleytið í gær.

Minni röskun varð á flugi til Reykjavíkur en flug lá niðri um tíma og þurftu fimm tíu að bíða fram á þriðjudag eftir flugi. Hundrað manns þáðu gistingu í íþróttamiðstöðinni í Eyjum og einnig var fjöldi fólks í flugstöðinni yfir nóttina.

- rsj



UM BORD Skipherra farþegaskipsins óskaði eftir því að æfing yrði haldin.

Æfing í Sundahöfn:

Sprengja í farþegaskipi

ÖRYGGISMÁL Sprengjuæfing var haldin um bord í farþegaskippingu Seven Seas Navigator þegar það lá inni í Sundahöfn. Landhelgisgæslan og Siglingastofnun tóku þátt í æfingunni ásamt áhöfn skipisins.

Æfingin hófst á því að tilkynnt var um sprengjuhótun. Voru sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar fluttir með þyrllu um bord í skipið, þar sem þeir eyddu sprengjunni.

Ætlunin er að skipuleggja fleiri slíkar æfingar í framtíðinni. - grs

LÖGREGLUFRETTIR

ÓK HÓPBIFREIÐ ÖLVAÐUR Töluvert var um ölvunarakstur á mánudag. Lögreglan á Húsavík stöðvaði öku-mann hópbifreiðar með tíu farþega fyrir ölvunarakstur. Ökumaðurinn var íslenskur en í bílnum voru níu erlendir ferðamenn. Lögreglan í Borgarnesi stöðvaði öku-mann sem var að koma af útihátíð fyrir ölvunarakstur, einn var tekinn í Neskaupstað og lögreglan í Stykkishólmi tók alls sjö manns fyrir ölvunarakstur um helgina. Einnig var mikið um hraðakstur á mánudag.

Reyna einstaka viðgerð á Discovery

Gera á tilraun til þess að laga skemmdir sem urðu þegar geimferjunni Discovery var skotið upp. Aldrei áður hefur geimfari verið sendur undir geimferju á ferð.

HOUSTON, AP Geimfararnir í geimferjunni Discovery undirbyggju í gær sögulegan viðgerðarleiðangur sem fer fram í dag. Stephen Robinson, einn geimfaranna, fer undir geimferjuna til viðgerða, en slíkt hefur ekki verið gert áður. Reyna á að fjarlægja stykki sem skaga framán úr hitahlíf á ferjunni. Ef stykkinn verða ekki fjarlægð segja sérfræðingar NASA að mikil hættu sé á ofhitnun þegar geimferjan kemur aftur inn í loftþjúp jarðar. Slík ofhitnun gæti leitt til þess að Discovery spryngi í loft upp, líkt og geimferjan Columbia gerði.


Robinson verður komið fyrir á tæplega átján metra armi sem félagar hans stjórna innan úr geimferjunni og færa þannig Robinson að þeim stað undir geimferjunni sem þarf að laga. Þar reynir hann að losa þau stykki sem standa út úr með handafli. Ef það virkar ekki þarf hann að nota sög sem búin var til í geimstöðinni til að saga stykkinn af. Sögin var búin til úr sagarblaði, einangrunarlimbandi, frönskum rennilás og öðrum hlutum sem voru til taks í geimstöðinni. Á blaðamannafundi í gær sagði Robinson að þetta væri mjög vandmeðfarið verkefni, en hann treysti sér til að leysa það.

Ef þessar aðferðir virka ekki verða væntanlega aðrar tilraunir til viðgerða gerðar á fimmtudag eða föstudag.

Hlé var gert á undirbúningi leiðangursins til að ræða við George W. Bush, forseta Bandaríkjanna, í síma. Þar þakkaði Bush geimförunum fyrir að taka áhættu í þágu rannsókna. „Augljóslega, þegar þið undirbúið að snúa aftur, biðja margir Bandaríkjamenn fyrir

Frauðvandamál skapar enn hættu

Frauðbútur féll af öðrum utan á liggjandi eldsneytistanki Discovery nokkrum mínútum eftir að geimferjunni var skotið á loft. Sérfræðingar NASA telja að búturinn hafi ekki lent á geimferjunni sjálfri. NASA hefur ákveðið að stöðva öll geimskot þangað til vandamálið hefur verið leyst.



HEIMILD: NASA

AP

SKEMMDIR Á DISCOVERY Líkt og með geimferjunni Columbia hefur frauðbútur sem féll af öðrum eldsneytistanki Discovery valdið skemmdum sem geta leitt til þess að geimferjan springi þegar hún snýr aftur inn í loftþjúp jarðar.

öruggri heimkomu ykkar,“ bætti Bush við.

Eileen Collins, sem fer fyrir áhöfn Discovery, svaraði því til að hún og áhöfnin öll tryði sterkt á geimleiðangra og rannsóknir á því hvað væri að finna í geimnum: „Þau

skref sem við tökum nú eru því þess virði og við viljum að allir viti það“.

Discovery verður við geimstöðina fram á laugardag og áætlað er að geimferjan snúi aftur til jarðar á mánudag. svanborg@frettabladid.is

Landamæradeilur í Írak:

Saka Kúvæta um olústuld

BAGDAD, AP Íraskir þingmenn ásökuðu Kúvæta í gær um að stela olíu Íraka og ræna af þeim landsvæði.

Ásökunin, sem er svipuð þeim sem Saddam Hussein notaði til að réttlæta innrásina í Kúvæt 2. ágúst 1990, kom í kjölfar nokkurra minniháttar átaka við landamæri Kúvæts og Íraks. Sendinefnd Íraka fer til Kúvæts í dag til að ræða um ástand mála og segja báðir aðilar að vilji sé til að leysa deiluna á friðsamlegan hátt.

Jawad al-Maliki, formaður öryggis- og varnarmálanefndar íraska þingsins, sagði í gær að Kúvætar væru að koma fyrir lárréttum olíudælum allt að kílómetra innan við landamæri Íraks. ■

Kvinnalisti stofnaður:

Áhersla á fjölskyldumál

STOKKHÓLMUR Sænsku kvennasamtökin Feministiskt Initiativ íhuga að stofna kvinnalista og bjóða fram í næstu kosningum, að því er fram kemur á vefsíðu Sænska Dagblaðsins. Ákveðið verður hvort stofna eigi sérstakan stjórnmálaflokk á ársfundi kvennasamtakanna í næsta mánuði.

Á meðal stefnumála flokksins verða kröfur um sex tíma vinnudag og einstaklingsbundinn réttur foreldra til að ráðstafa fæðingarlófi sínu.


Eín af þeim sem leiða undirbúningshóp fyrir stofnun stjórnmálaflokksins er Guðrun Schyman, fyrrum leiðtogi vinstrimanna í Svíþjóð.

Hún segir marga sænska kjósendur leggja áherslu á fjölskyldumál. ■

VEÐRIÐ Í DAG

BJARTVIÐRI SYÐRA UM MIÐJA VIKUNA

Norðanáttin er að fæðast þessa dagana og með henni verða breytingar í veðrinu. Fyrir það fyrsta kólnar nokkuð á landinu, einkum þó norðan heiða. Í annan stað má búast við einhverri vætu hér og hvar, einkum þó fyrir norðan og austan. Síðan er það rúsinan í pylsuendanum að um og eftir miðja vikuna fer sú gula að sýna sig nokkuð rækilega, einkum um sunnanvert landið. Það er því enn von á sumri og sól syðra!!



Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	19°C hálfskýjað	Paris	24°C hálfskýjað	Alicante	29°C hálfskýjað
Ósló	22°C skýjað	Berlín	20°C skýjað/skúr	Milano	24°C léttskýjað
Stokkhólmur	26°C hálfskýjað	Frankfurt	23°C léttskýjað	New York	34°C hálfskýjað
Helsinki	21°C hálfskýjað	Madrid	28°C hálfskýjað	San Francisco	21°C heiðskirt
London	23°C hálfskýjað	Barcelona	26°C hálfskýjað	Orlando/Florida	33°C hálfskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skýggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

afsláttur -1kr

Viðskiptakort einstaklinga

Nánari upplýsingar í síma:

591 3100

ATLANTSOLIA Atlantsóla - Vesturvör 29 • 200 Kópavogur • Sími 591-3100 • atlantsolia@atlantsolia.is

TEKJUBLAÐIÐ

TRYGGÐU ÞÉR EINTAK



TAKMARKAÐ UPPLAG

AÐEINS SELT Í 11 DAGA*

* skv. ákvörðun Persónuverndar

FRJÁLS VERSLUN

www.heimur.is • Áskriftarsími 512 7575



heimur



KJÖRKASSINN

Fórst þú á útihátíð um verslunarmannahelgina?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	19%
Nei	81%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Var rétt staðið að lóðaúthlutuninni í Kópavogi í síðustu viku?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Nýtt starfsfyrirkomulag strætisvagnabílstjóra:

Ósáttir vagnstjórar segja upp

SAMGÖNGUR Dæmi eru um að strætisvagnabílstjórar hafi hætt störfum vegna óánægju með breytingar á starfsfyrirkomulagi samfara nýju leiðakerfi, að sögn Ásgeirs Eiríkssonar, framkvæmdastjóra Strætó bs.

Aukaferðir stofnleida á álagstímum sem gert er ráð fyrir í nýja leiðakerfinu hafa verið felldar niður í þessari viku vegna manneklu. Vonir standa þó til að ekið verði samkvæmt nýja leiðakerfinu frá byrjun næstu viku, að sögn Ásgeirs.

„Okkur tókst ekki að ráða nógu marga í afleysing, auk þess sem menn hafa hætt hér og haldið til

starfa annars staðar,“ segir Ásgeir. „Nýja leiðakerfið kallar einnig á eilítla fjölgun stöðugilda sem okkur hefur ekki tekist að mæta.“

Forsvarsmönnum Strætós hefur borist nokkur fjöldi athugasemda við nýja leiðakerfið. Stjórn fyrirtækisins tekur afstöðu til þessara erinda á fundi sínum á föstudag. „Málin verða skoðuð í heild sinni og síðan verður tekin afstaða til þess hvort og þá hverju breyta eigi,“ segir Ásgeir.

ÁSGEIR EIRÍKSSON Segir að reynt verði að aka eftir nýju leiðakerfi Strætó frá byrjun næstu viku en aukaferðir stofnleida hafa verið felldar niður aðra vikuna í röð vegna manneklu.



Hraðakstur útlendinga:

Staðgreiða sektirnar

UMFERDARMÁL Lögregla víða um land segir að íslenskir öikumenn hafi heldur hægt á sér frá því herferðin gegn hraðakstri hófst. Útlendir öikumenn virðast hins vegar ekki eins vel með á nótunum og er svo komið að sums staðar eru þeir meirihluti þeirra sem sektaðir eru.

Þar sem ekki er talið á það hættandi að senda þeim sektirnar heim verða þeir að greiða þær á staðnum og hefur lögreglan oft þurft að munda posavélarnar þótt sumir greiði með seðlum.

- jse



VARÐSKIP Í HÖFN Landhelgisgæslan gómáði tvo báta að ólöglegum veiðum norður af landinu í fyrrinótt.

Ólöglegar veiðar:

Tveir teknir í lokuðu hólfi

VEIÐAR Tveir línubátar voru staðnir að meintum ólöglegum veiðum í Reykjafjarðarál norðaustur af Ströndum aðfaranótt þriðjudags. Bátarnir voru að veiðum í lokuðu hólfi, sem er að sögn Dagmarar Sigurðardóttur, lögfræðings Landhelgisgæslunnar, brot á reglugerð um friðunarsvæði við Ísland, nr 809 frá árinu 2002. Bátarnir voru að veiða þorsk, ýsu og steinbít og var afli annars bátsins fjögur og hálf tonn. Varðskip Landhelgisgæslunnar var við eftirlit á svæðinu og óskaði eftir því að lögreglan á Blönduósi tæki á móti bátunum í við komuna til hafnar. Lögreglan tók skýrslur af skipstjórunum í gær en skipverjarnir töldu sig vera að veiða á löglegu svæði.

- rsg



BJÖRGUN ÁHAFNAR Á SVÖLU Fjórmenningarnir taka við línunni úr þylrunni.

Stjórnlaus í stórsjó

Pyrla Landhelgisgæslunnar bjargaði fjórum mönnum úr sjávarháska í fyrrinótt. Mennirnir voru um borð í skútunni Svölu sem bilaði milli Íslands og Færeyja. Björgunarskip leitar skútunnar þar sem hana rekur mannlaus.

BJÖRGUN Pyrla Landhelgisgæslunnar sótti í fyrrinótt fjóra menn í skútuna Svölu ISL 1840, sem bilað hafði um hundrað sjómíliur suðaustur af landinu.

Bóma sem heldur stórsegli hafði brotnað og sigldi skútan með vélarafli en var orðin ólíulftil þegar áhöfn afréð að kalla á aðstoð Landhelgisgæslunnar klukk-

an tíu að kvöldi mánudags. Pyrlan TF-LIF var komin að skútunni klukkan 1:20 og um tvöleitið var búið að hifa fjórmenningana upp í þylruna. Að því loknu var skútan skilin eftir á reki.

Tryggingafélagið Sjóvá- Almannar, sem greiðir björgunarkostnað, samdi síðdegis í gær við Slysavarnafélagið Landsbjörg um að hún sendi björgunarskipið Hafbjörgu frá Neskaupstað til að leita skútunnar og lagði skipið af stað síðdegis í gær. Jón Gunnarsson, framkvæmdastjóri Landsbjargar, segist nokkuð bjartsýnn á að skútan finnst fljótlega en þó megi búast við því að upp undir tvo sólarhringa taki að koma henni í höfn.

Þeir eigendur bátsins sem Fréttablaðið náði tali af eiga ekki von á því að skútan verði fyrir frekara tjóni þar sem hana rekur í norðaustur með rekakeri í eftirdragi þar sem vel var frá henni gengið.

„Vissulega verður maður óöruggur þegar tækin virka ekki eins og þau eiga að gera og maður er staddur í haugasjó úti á reginhafi,“ segir Jón Víkingur Hálfðánarson, sem var um borð í skútunni og er einn eigenda hennar. Engum varð meint af sjövolkinu en mönnum var talsvert brugðið, að sögn Jóns Víkings.

Hann segir að veðurupplýsingar frá Færeyjum hafi verið óábyggilegar og það hafi gert skipverjum erfitt fyrir að meta aðstæður þegar olían var af skornum skammti.

Svala lagði í Færeyjaför sína 22. júlí síðastliðinn en þá með aðra áhöfn. Byrjaði sú ferð brösulega þar sem gír skútunnar bilaði og ekki fékkst viðgerð í Vestmannaeyjum eins og vonast var eftir. Var þá ákveðið að sigla til Færeyja þrátt fyrir bilunina. Tókst sú ferð vel og var gert við girinn þar í landi.

jse@frettabladid.is

Verslunarmannahelgin:

Engin nauðgun verið tilkynnt

VERSLUNARMANNAHELGIN Enginn hefur leitað til Stígamóta og Neyðarmóttöku vegna nauðgunarmála eftir helgina.

Guðrún Jónsdóttir hjá Stígamótum segir svipað hafa gerst í fyrra en þá leituðu tíu konur til samtakanna síðar á árinu vegna nauðgana sem tengdust útihátíðum um verslunarmannahelgi.

„Við skulum vona að engin brot hafi verið framin en það er því miður ekki útséð um það ennþá. Við hvetjum konur til að leita sér hjálpar ef þeim líður illa, það er mjög mikilvægt að þær fái hjálp,“ segir Guðrún og tók Eyrún B. Jónsdóttir, umsjónarhjúkrunarfræðingur á Neyðarmóttökunni í sama streng.

- rsg

Hræringar í viðskiptalífinu:

Frá Burðarási til TM Software

VIÐSKIPTI Friðrik Jóhannsson, fráfarandi forstjóri Burðarás, hefur keypt meirihluta í upplýsingatæknifyrirtækinu TM Software. Kaupverðið er ekki gefið upp en þeir sem selja eru Burðarás, sem átti 41 prósent, og Straumur Fjárfestingarbanki, sem átti 11 prósent.

Friðrik segist hlakka til að koma að rekstri TM Software sem einn af eigendum eftir að hafa verið stjórnandi í fyrirtækjunni síðustu sautján árin. Atburðarásin hafi verið hröð en andrúmsloftið jákvætt. Fjögur hundruð manns vinni hjá fyrirtækinu, það velti fjórum milljörðum króna á ári og hafi vaxið mjög. Gert sé ráð fyrir frekari vexti erlendis.

- bg



FRÍÐRIK JÓHANSSON Hlakkar til að koma að rekstri TM Software.

www.icelandair.is/amsterdam

Amsterdam

Flug og gisting í þrjár nætur
Verð frá 39.900 kr.

Verð á mann í tvíþýli á Albus Grand 19.-22. jan., 9.-12. mars
Innifalið: Flug, gisting, morgunverður, flugvallarskattar, þjónustugjöld

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).

Nú getur þú notað **10.000 Vildarpunkta** sem **5.500 kr.** greiðslu upp í fargjaldið.

Út í heim ICELANDAIR www.icelandair.is

Fasteignasala glæðist á Seyðisfirði:

Bærinn selur fjórtán íbúðir

FASTEIGNASALA Seyðisfjarðarbær hefur ákveðið að selja eignarhaldsfélaginu Kass ehf. fjórtán íbúðir í eigu sveitarfélagsins á samtals 75,4 milljónir króna. Tryggvi Harðarson, bæjarstjóri á Seyðisfirði, segir að Kass muni endurleigja íbúðirnar og segist Tryggvi þökkalega sáttur við verðið sem fékkst fyrir eignirnar.

Ævar Dungal, sölustjóri fasteignasöluunnar Dómuss á Egilsstöðum, segist vera búinn að selja á þriðja tug eigna á Seyðisfirði í ár og það sé mikil breyting frá fyrri árum þegar lítil hreyfing var á fasteignamarkaðinum á Seyðisfirði. „Fasteignaverð á Seyðisfirði er töluvert lægra en á Egilsstöðum og flestar eignir á Seyðisfirði sem ég hef verið með til sölu hafa selst fljótt og vel. Nær allir



FRÁ SEYÐISFIRÐI Fjórmenningarnir hafa í auknum mæli til Seyðisfjarðar varðandi fasteignakaup auk þess sem ýmsir vilja eiga þar sumarhús.

kaupendurnir eru búsettir utan Seyðisfjarðar og í flestum tilfellum er um að ræða fólk sem

er að kaupa sumarhús eða fjárfesta sem ætla að nýta eignirnar á ýmsan máta,“ segir Ævar. - tk

Ódýrt í skólann



9 kr/pk

Trélitir
12 stk.



Stílabækur



Pennaveski



Pennaveski



LEGO pennaveski



Spiderman skólavörur



Princess skólavörur

Ótrúlegt úrval af skólatöskum



Gildir á meðan birgðir endast

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



VEISTU SVARID?

- 1 Hvað heitir hinn nýi konungur Sáði-Arabíu?
- 2 Umhverfissráðherra hvaða lands hefur forðæmt hvalveiðar Íslendinga?
- 3 Hver sigraði í Formúlu 1 kappakstrinum í Ungverjalandi um helgina?

SVÖRIN ERU Á BLS. 34

Vegurinn að Dettifossi er illa farinn vegna mikilla þurrka:

Skelkaðir rútfarþegar

SAMGÖNGUR Tæplega 30 kílómetra vegarkafli um Hólssand, frá Grímsstöðum á Fjöllum að Dettifossi, hefur verið í óvenju slæmu ástandi að undanförunu. Roswitha Finnbogason, framkvæmdastjóri og bílstjóri Víkingaslóða, segir ökumenn fólksflutningabifreiða neyðast til að aka á 10 til 20 km hraða til að koma í veg fyrir skemmdir á rútnum og það dugi jafnvel ekki til. „Vegurinn er skelfilegur og þvottabrettin hörð sem steypa. Í síðustu viku tók það mig 80 mínútur að aka 28 km leið og þrátt fyrir að ég færi varlega voru sumir farþeganna skelkaðir,“ segir Roswitha.

Sigurður Oddsson, deildarstjóri

Vegagerðarinnar á Akureyri, segist hafa heyrt að vegurinn sé mjög slæmur. „Ég mun kanna ástand hans í dag en geri ráð fyrir að miklir þurrkar hafi leikið hann illa en um er að ræða gamlan og lélegan veg. Mjög langt er að sækja heppilegt efni til lagfæringa og þar sem umferð um veginn minnkar með haustinu verður líklega ekki ráðist í endurbætur í ár enda ekki til þess fjárveitingar,“ segir Sigurður. - **kk**

DETTIFOSS Fjölmargir ferðamenn aka að Dettifossi á sumrin en vegurinn er nú í óvenjuslæmu ástandi.



KJARTAN JAKOB Útlit er fyrir að norðanátt haldist næstu daga og hyggst Kjartan Jakob nýta sér það.

Róið kringum landið:

Ætlar að róa í sólarhring

RÓÐUR „Nú er komin norðanátt og þá fer ég að leggja í hann,“ segir ræðarinn Kjartan Jakob Hauksón en hann hefur ekki komist frá landi síðan hann lagði við Ingólfs-höfða eftir erfiðan róður síðasta fimmtudag. Síðan þá hefur gengið á með suðaustan og suðvestan átt og sjógangi.

Hann gerði ráð fyrir því í gær að fara um nóttina eða nú í morgunsárið.

Útlit er fyrir að norðanátt haldist næstu daga og hyggst Kjartan nýta sér það en hann verður að róa sleitulaust uns komið er að Vík, þar sem ekki er heiglum hent að komast að landi fyrr.

Það gæti orðið rúmlega sólarhrings róður. - **jse**

Viðamikil öryggisgæsla í neðanjarðarlestunum

Hundruð lögregluþjóna gættu öryggis þegar tvær neðanjarðarlestarlínur voru opnaðar í gær á ný eftir árásirnar í Lundúnum 7. júlí. Þá lokaði lögregla nokkrum götum í miðborginni eftir að tilkynning barst um eld í strætisvagni.

LONDON, AP Gríðarleg öryggisgæsla var í neðanjarðarlestum Lundúna í gær þegar tvær leiðir, sem verið hafa lokaðar síðan mannskæðar hryðjuverkaárásir voru gerðar á borgina hinn 7. júlí, voru opnaðar á ný. Hundruð lögregluþjóna gættu lestarstöðva borgarinnar í þeim tilgangi að draga úr líkum á frekari árásum.

Lögreglan lokaði í gær nokkrum götum í miðborg Lundúna, eftir að tilkynning barst um eld í strætisvagni 205 á Euston Road, nærri King's Cross-lestarstöðinni. Síðar um daginn kom tilkynning frá lögreglunni um að eldurinn hefði líklega kviknað vegna vélarbilunar og engin sprenging hefði orðið. Ekki urðu slys á fólki.

Hazel Blears, innanríkisráðherra Bretlands, fundaði í gær með fulltrúum múslima en til stendur að reyna að draga úr þeirri reiði ungra múslima sem veldur því að þeir eru tilbúnir til þess að framkvæma árásir á borð við í síðasta mánuði. Þá eru múslimar ósáttir við ónáði sem þeir þurfa að þola vegna rannsóknar lögreglu en lögregla segir



REYKUR Í STRÆTISVAGNI Lögregla brást fljótt við eftir að vart varð við reyk í strætisvagni nærri King's Cross-lestarstöðinni í Lundúnum í gær. Í ljós kom að reykurinn var af völdum vélarbilunar.

rannsókn mála ekki beinast gegn kynþáttum heldur þeim sem talið er að eigi aðild að málum.

Sautján manns voru í gær í haldi bresku lögreglunnar í tengslum við sprengjutílræði 21. júlí. Þremur var þó í gær leyft að fara en þeir voru handteknir í áhaupum lögreglu vegna tílræðanna. Þá hafa bresk stjórnvöld reynt að fá Osman Hussain, sem grunaður er um tilraun til sprengjuárásar á Shepherd's Bush-lestarstöðinni, framseldan frá Ítalíu þar sem hann var handtekinn fyrir helgina.

Framsal Hussains gæti þó tafist

þar sem hann sætir nú rannsókn ítalskra yfirvalda sem beinist meðal annars að hugsanlegum tengslum verslunar bróður Hussains við al-Kaída.

Hinir þrír sem grunaðir eru um tílræðin eru í haldi bresku lögreglunnar og hefur breska dagblaðið The Times eftir rannsóknarlögreglumönnum Scotland Yard að tafir á framsali Hussains geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir rannsókn hryðjuverkanna, sem beinist nú fyrst og fremst að því að finna tengsl milli hópanna sem stóðu að hvorri árás. **helgat@frettabladid.is**



ÖRYGGISGÆSLA Í LUNDÚNUM Öryggisgæsla í Lundúnum hefur verið hert mikið eftir sprengjutílræði í síðasta mánuði. Ekki hefur dregið úr ásókn í flugferðir íslenskra flugfélaga til borgarinnar í kjölfar atburðanna.

Íslensk flugfélög hafa ekki orðið vör við samdrátt: Íslendingar ferðast sem áður

HRYÐJUVERK Ekki hefur dregið úr bókunum til Lundúna þrátt fyrir ótta um að fleiri hryðjuverk verði framin í kjölfar sprengjuárásanna á borgina 7. og 21. júlí. Ekki ber heldur á því að fólk afþanti ferðir sínar eða breyti ferðadagsetningum, að sögn Guðjóns Arngrímssonar, upplýsingafulltrúa Flugleiða.

„Við höfum ekki séð neinar merkanlegar breytingar á bókunum til Lundúna,“ segir Guðjón.

Starfsmenn Icelandair hafi ekki heldur orðið varir við að minni ásókn sé í flug til London en undanfarin ár.

Birgir Jónsson, framkvæmdastjóri Iceland Express, tekur í sama streng. „Farþegar til Lundúna hafa ekki verið að breyta farmiðum sínum frekar en farþegar til annarra áfangastaða okkar,“ segir Birgir. „Farmiðasala til borgarinnar hefur einnig verið góð miðað við árstíma.“ - **ht**

Ferðamaður í Hörgárdal:

Tekinn á ofsahraða

LÖGREGLUMÁL Erlendur ríkisborgari var sviptur ökuréttindum á staðnum eftir að bifreið hans mældist á 171 kílómetra hraða í Hörgárdal á laugardagskvöld. Farið var að skyggja en á þessum slóðum er iðulega sauðfé í vegköntum. Fjórir farþegar voru í bílnum.

Ökumaðurinn, sem er fæddur árið 1982, var aðeins búinn að aka á Íslandi í tvo daga.

Þess má gæta að í heimalandi hans er vinstri umferð en ekki hægri eins og hér, svo að ofsaksturinn hlýtur að teljast enn glæfraelgri fyrir vikið.

- **grs**

GRUNAÐIR UM ÁRÁS

Fjórir menn eru í haldi lögreglunnar grunaðir um sprengjutílræði 21. júlí.

MUKTAR SAID IBRAHIM, 27 ÁRA Grunaður um að skilja eftir sprengjukubb í aftursæti strætisvagns í Hackney hinn 21. júlí. Ibrahim fluttist frá Erítreu í austurhluta Afríku til Bretlands ásamt fjölskyldu sinni árið 1992 og hlaut breskan ríkisborgararétt í september á síðasta ári. Ibrahim var strangtrúaður múslími sem gekk um í kuffli og lét sér vaxa skegg.

YASIN HASSAN OMAR, 24 ÁRA Grunaður um sprengjutílræði á Victoria-línunni nærri Warren Street-lestarstöðinni hinn 21. júlí. Omar kom tólf ára gamall til Bretlands frá Sómalíu og hafði fengið leyfi til þess að dvelja í Bretlandi. Omar leigði íbúð með Muktar Said Ibrahim, sem einnig er grunaður um sprengjutílræði í borginni sama dag. Hann var handtekinn í Birmingham á miðvikudagsmorgun.

RANZI MOHAMMED Náðist á mynd í farþegagöngum í Oval-lestarstöðinni örfáum sekúndum áður en hann yfirgaf stöðina með því að stökkva yfir öryggishlið. Hann er grunaður um tilraun til sprengingar í neðanjarðarlest nærri Ovalstöðinni og var handtekinn í vestrhluta Lundúna á föstudagskvöld.

OSMAN HUSSAIN, 27 ÁRA Grunaður um tilraun til sprengjuárásar í Shepherd's Bush-lestarstöðinni og var handtekinn á heimili bróður síns í Róm hinn 29. júlí. Hussain ferðaðist til Ítalíu 26. júlí og hafði lögregla uppi á honum með því að rekja símtöl úr farsíma hans. Hussain er af eþíópískum uppruna en er breskur ríkisborgari.

Vilja forðast tafir:

Hættir sér ekki inn í borgina

LONDON „Við förum ekkert inn í Lundúnir vegna þess hversu hætt er við samgöngutöfum,“ segir Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir. Bryndís á bókað flug til Lundúna á fimmtudaginn, þaðan sem hún flýgur til Bangkok níu tímum síðar.

Bryndís segist enga áhættu taka að missa af framhaldsfluginu. „Fólk hefur lent í vandræðum vegna mikilla tafa á samgöngum eftir árásirnar á borgina í síðasta mánuði,“ segir Bryndís. „Við verðum því bara á flugvælinum í stað þess að fara inn í borgina, eins og við höfum væntanlega gert undir öðrum kringumstæðum.“ - **ht**



BRYNDÍS ÍSFOLD HLÖÐVERSDÓTTIR Milliendur í Lundúnum á fimmtudaginn og hættir sér ekki inn í borgina af ótta við tafir.

ÚTSALA



gorenje BLÁSTURSOFN

Verð kr. 42.000

Áður kr. 56.900

RÖNNING

Borgartúni 24 | Reykjavík | Sími: 562 4011 | Óseyri 2 | Akureyri | Sími: 460 0800

Ferðaveislur



Það sem ferðahugurinn girnist

Veisluborð sérferða Icelandair glitrar af girnilegri fjölbreytni. Heimssiglingar og sælkeruferðir, Vetrarhallir Pétursborgar og mannlífið í New York, ein frægasta baðströnd heims og ótal aðrir ómótstæðilegir ferðamöguleikar. Kannaðu úrvalið og veldu þér ferðaveislu.

Þakkargjörðarhátíð í Boston

„Thanksgiving“ með Sólveigu Baldursdóttur, ritstjóra Gestgjafans.

Verð frá 64.900 kr.a

á mann í tvíbýli, 24. - 27. nóvember.

Innifalið: Flug, gisting á Tremont Hotel í 3 nætur, Thanksgiving-kvöldverður á The Rialto Restaurant, staður í eigu Jody Adams sem kom hingað á Food and Fun 2004, íslenskur fararstjóri Sólveig Baldursdóttir, ritstjóri Gestgjafans; 2ja tíma skoðunarferð um Boston með enskum leiðsögumanni, rúta til og frá flugvelli erlendis, rúta frá hóteli til veitingastaðarins og til baka, þjónustugjöld og flugvallarskattar.

Pétursborg

með Pétri Óla Péturssyni.

Verð frá 72.800 kr.

á mann í tvíbýli, 16. - 20. mars 2006.

Innifalið: Flug frá Keflavík til Stokkhólms og þaðan til Helsinki, flug heim frá Pétursborg til Kaupmannahafnar og þaðan heim til Keflavíkur, rútuferðir milli Helsinki og Pétursborgar, gisting í fjórar nætur á Hótel Moskva, morgunverður, íslensk fararstjóri, flugvallarskattar og þjónustugjöld. Lágmarkspáttaka: 15 manns.

Nú getur þú notað **10.000 Vildarpunkta** sem **5.500 kr.** greiðslu upp í fargjaldið.

Sigling með Norwegian Cruise Line

frá New York til Bahamas.

Verð frá 139.000 kr.

á mann í tvíbýli, 24. febrúar - 5. mars 2006.

Innifalið: Flug, rúta frá flugvelli á hótél, gisting í New York í 2 nætur á Hotel Edison á Manhattan. Sigling í 7 nætur með NCL Norwegian Spirit um Karibahafið, káetur með útsýni, allur matur um borð, 4ra tíma skoðunarferð um New York 5. mars og rútuferð út á flugvöll, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

3 dagar í hjarta Beaune bæjar

Sælkeruferð til Frakklands með Halldóri E. Laxness, leikstjóra.

Verð frá 66.600 kr.

á mann í tvíbýli, 11 - 14. nóvember 2005.

Innifalið: Flug til Parísar, gisting í 3 nætur á Mercure Hotel í Beaune, sælkerakvöldmáltíð þar sem allt er innifalið, vinsmökkun, íslensk fararstjóri, rútuferðir til og frá flugvelli erlendis, flugvallarskattar og þjónustugjöld. Lágmarkspáttaka 25 manns og hámarkspáttaka 35.

New York

með Hauki Inga Jónassyni.

Verð frá 74.900 kr.

á manna í tvíbýli, 23. mars - 27. mars 2006.

Innifalið: Flug, gisting í 4 nætur á Edison Hotel, íslensk fararstjóri, rúta til og frá flugvelli erlendis, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

Costa Rica

7 nætur á Costa Rica og 4 nætur í Orlando.

Verð frá 108.800 kr.

á mann í tvíbýli 17. janúar - 28. janúar 2006.

Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á Costa Rica og 4 nætur í Orlando, morgunverður á Costa Rica, rúta til og frá flugvelli við komu til Orlando og á Costa Rica, flugvallarskattar og þjónustugjöld. Greiða þarf 28 USD á mann í brottfararskatt á Costa Rica.

Grand Bahamas

Verð frá 133.300 kr.

á mann í tvíbýli, 24. febrúar - 5. mars 2006.

Innifalið: Flug, gisting í eina nótt á Best Western við flugvöllinn í Baltimore á leiðinni út, rútu til/frá hótelum erlendis, gisting með morgunverði í 7 nætur í svitum á Pelican Bay á Grand Bahamas, inneign á Ferry House, veitingastaðinn sem Völundur Völundarson, kokkur, rekur; flugvallarskattar og þjónustugjöld.

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).



Út í heim

ICELANDAIR
www.icelandair.is



...bara á flugfelag.is

3. - 9. ágúst

Milli Reykjavíkur og

AKUREYRAR
5.289 kr.

Verð miðast við flug aðra leiðina. Bara á www.flugfelag.is Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og

BÍLDUDALS
5.099 kr.

Milli Reykjavíkur og

EGILSSTAÐA
5.999 kr.

Milli Reykjavíkur og

SAUÐÁRKRÓKS
5.099 kr.

Milli Reykjavíkur og

ÍSAFJARÐAR
5.099 kr.

Milli Reykjavíkur og

GJÖGURS
5.099 kr.

Milli Reykjavíkur og

HORNAFJARÐAR
5.899 kr.

Milli Reykjavíkur og

GRÍMSEYJAR
6.500 kr.

Milli Reykjavíkur og

VESTMANNAEYJA
4.409 kr.

Milli Reykjavíkur og

**VOPNAFJARÐAR/
ÞÓRSHAFNAR**
7.500 kr.

Börn, 2ja-12 ára, í fylgd með fullorðnum, greiða 1.940 kr. aðra leiðina.

flugfelag.is

Samfylkingin á Akureyri heldur lokað prófkjör fyrir sveitarstjórnarkosningarnar:

Stefnir í átök um efstu sætin

KOSNINGAR Líklega munu að minnsta kosti sex einstaklingar sækjast eftir fjórum efstu sætum á lista Samfylkingarinnar á Akureyri í komandi sveitarstjórnarkosningum. Oktavía Jóhannesdóttir leiddi listann síðast og gera flestir Samfylkingarmenn á Akureyri því skóna að hún muni sækjast eftir því á ný. Hún segist ekki hafa gert upp hug sinn og muni ekki gera það fyrr en í haust.

Hermann Jón Tómasson skipaði annað sæti á listanum í síðustu kosningum en stefnir nú á það fyrsta.

Sigrún Stefánsdóttir var í

þriðja sæti en hefur hug á að færa sig upp um eitt og Jón Ingi Cæsarsson hefur sett stefnuna á annað eða þriðja sætið en hann var í því fjórða síðast.

Helena Karlsdóttir var ekki á listanum fyrir þremur árum en segir hugsanlegt að hún bjóði sig fram í eitt af þremur efstu sætum og Hermann Óskarsson, sem var í 13. sæti, er að hugleiða að bjóða sig fram í eitt af fjórum efstu sætum.

Ingi Rúnar Eðvarðsson sem skipaði fimmta sæti listans síðast segist ekki ætla að taka sæti á listanum að þessu sinni.

- kk



OKTAVÍA JÓHANNESDÓTTIR Oddviti Samfylkingarinnar á Akureyri segist ekki hafa gert upp við sig hvort hún sækist eftir að leiða listann í komandi sveitarstjórnarkosningum.



FISKVINNSLA Þess eru dæmi að íslensk fiskvinnslufyrirtæki fá ekki að bjóða í afla þótt þau bjóði gott verð.

Þvingaður til kaupa á ís og vatni fyrir milljónir

Kristinn Pétursson fiskverkandi segir landvinnsluna sæta afarkostum við vigtun hráefnis til vinnslu. Sjófrystingin og útflytjendur á ferskfiski í gámum búi við mun rýmri skilyrði. Hann krefst skaðabóta.

FISKVINNSLA „Í rauninni hefur fiskvinnsla Gunnólfs á Bakkafirði verið þvinguð til að kaupa vatn og ís með fiski fyrir um 40 milljónir króna á undanföllum tólf árum,“ segir Kristinn Pétursson, fiskverkandi á Bakkafirði. Hann undirbýr nú málshöfðun gegn íslenska ríkinu til greiðslu skaðabóta, enda sé um að ræða brot á samkeppnislögum og lögum um mál og vog.

Nings er skemmtilegur vinnustaður sem leggur áherslu á góðan og hollan mat og framúrskarandi þjónustu.

NING'S

Hægt er að sækja um á nings.is eða á Nings Suðurlandsbraut 6. Nánari upplýsingar í síma 822 88 33

Umsækjendur verða að vera eldri en 18 ára.

EIGNALISTINN

fasteignasala www.eigna.is

Kringlunni 4 - 6 Norðurtúni, 10. hæð • 103 Reykjavík • Sími 530 4600 • Fax 530 4609 • eigna@eigna.is

Opilð mánudaga til föstudaga frá kl. 09.00 - 17.00

PELAG FASTEIGNASALA Sigurður Örn Sigurðarson löggr. fasteignasali

OPIÐ HÚS



OPIÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUDAG KL:17-18 ÁLFAMÝRI 24 4.HÆÐ

Góð 3ja herb. íbúð á 4.hæð í vel viðhöldnu húsi á þessum eftirsóknarverða stað. Svefniherbergi með fataskápum. Suður- svalir, þvottahús og geymsla í sameign.

V: 14,950. millj.

TIL AFHENDINGAR VIÐ KAUPSAMNING
Sölumenn Eignalistans taka vel á móti ykkur.

www.eigna.is eigna@eigna.is Sími: 530 4600

HEILDSÖLUÚTSALA

Snyrtivara - Gjafavara - Hársnyrtivara
og fleira og fleira milli kl. 1 og 5 næstu daga.

Dugguvogi 12 - Að ofanverðu

AÐFÖNG

Matráður - afleysing

Aðföng óskar eftir starfsmanni til afleysingar í 5 vikur.

Um er að ræða ca. 50 manna mótuneyti, sem býður upp á morgunmat og heitan mat í hádegi. Vinnutími ca. 7:30-15:30.

Upplýsingar gefur Svala í síma 530-5600.

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Kjöt- og fisktorg.

Ferskar kjötvörur og Furðufiskar óska eftir að ráða starfsmann til að hafa umsjón með kjöt- og fisktorgi í verslun Hagkaupa í Smáralindinni. Um er að ræða fullt starf. Umsækjandi þarf að hafa reynslu og áhuga á að starfa með matvæli.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu fyrirtækisins að Síðumúla 34 í Reykjavík. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 660-6300 og 699-4000 milli kl. 09.00 og 17.00 virka daga.

Bílamálari

Gamalgroíð fyrirtæki stofnað '75 óskar eftir bílamálara sem fyrst. Góð laun í boði fyrir réttan mann.

Uppl. í síma 896 3044

Í HIGH COURT OF JUSTICE (HÆSTARÉTTI) Nr. 4770, 2005

CHANCERY DEILD

Companies Court (FYRIRTEKJARÉTTUR)

Í máli THE NORTHERN Assurance COMPANY Limited

("Northern")

og

Í máli CGU INTERNATIONAL Insurance PLC

("CGUII")

og

Í máli THE OCEAN MARINE INSURANCE COMPANY LIMITED

("Ocean Marine")

og

Samkvæmt Financial Services and Markets Act (Lög um fjárhagslega þjónustu og markaði), 2000

Tilkynnt er hér með, að Northern hefur þann 28. júlí 2005 lagt fyrir Hæstarétt umsókn (hér eftir kölluð „Umsóknin“) um dómskipun til að heimila fyrirætlun um yfirfærslu almennra váttryggingaviðskipta („Fyrirætlunin“) í samræmi við 7. grein í Financial Services and Markets Act (Lög um fjárhagslega þjónustu og markaði), 2000. Samkvæmt fyrirætluninni verða færð yfir til Ocean Marine megnið af þeim almennu tryggingaviðskiptum sem nú eru í höndum Northern og afgangurinn til CGUII.

Ágrip af Fyrirætluninni og úttekt á skilyrðum Fyrirætlunarinnar, sem óháður sérfræðingur hefur tekið saman, má nálgast á vefsíðu Aviva, www.aviva.com/northern. Eintök af þessum skjölum fást einnig ókeypis frá Barlow Lyde & Gilbert (lögstofu sem er fulltrúi Northern, CGUII og Ocean Marine í þessu máli), en heimilisfang hennar er birt hér fyrir neðan.

Stefnt er að því að Umsóknin verði tekin fyrir þann 6. október 2005 hjá Companies Court Judge (dómara fyrirtækjaréttar) við Royal Courts of Justice (hæstarétt), Strand, London WC2A 2LL, England. Hver sá aðili sem telur að framkvæmd Fyrirætlunarinnar gæti bitnað á sér eða sínum hagsmunum, hefur tilkall á áheyrn (annaðhvort fyrir eigin hönd eða í gegnum lögfulltrúa) í hæstarétti við réttarhaldið í máli Umsóknarinnar. Hver sá aðili sem hyggst nýta þann rétt, og þeir aðrir sem kunna að vera ósammála ákvæðum Fyrirætlunarinnar en leita ekki áheyrnar við réttarhöldin, skulu vinsamlegast gera kunnugt um mótmæli sín sem fyrst, og þá eigi síðar en 4. október 2005, til Pollyanna Deane hjá Barlow Lyde & Gilbert, Beaufort House, 15 St Botolph Street, London EC3A 7NJ, England, eða með faxi til 00 44 (0)20 7071 9756, eða með tölvupósti til northern@blg.co.uk.

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Framtíðarstörf

Ferskar kjötvörur hf. óska eftir að ráða starfsmenn til starfa í kjötvinnslu fyrirtækisins hér í Reykjavík.

Umsóknarfrestur er til 10 ágúst n.k.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu fyrirtækisins að Síðumúla 34 í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Leifur Þórsson í síma 588-7580 eða 660-6330 frá kl. 14:00 til 17:00 virka daga.

Upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimsíðu þess www.ferskar.is.



SKJÓL Hjúkrunarheimili,
Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík

Hjúkrunarfræðingar

Lausar eru stöður hjúkrunarfræðinga. Breytileg starfshlutföll.

Sjúkraliðar

Sjúkraliðar óskast til starfa. Starfshlutfall samkomulag.

Starfsfólk í aðhlyningu

Starfsfólk óskast við umönnun aldraðra, í fulla vinnu svo og í hlutastörf.

Skjól er hjúkrunarheimili aldraðra þar sem hjúkrun er veitt í hlýlegu umhverfi. Að vinna við umönnun aldraðra er dýrmæt og góð reynsla. Góð starfsaðstaða. Reyklaus vinnustaður.

Nánari upplýsingar veitir Aðalheiður Vilhjálmisdóttir hjúkrunarforstjóri (alla@skjol.is) virka daga í síma 522-5600

SJÓNARHORN



Regnbogi í Norðurárdal/Ljósmynd: Vilhelm Gunnarsson

SKEMMTILEGAST – LEIÐINLEGAST



Þorfinnur Ómarsson fjölmiðlamaður

Skemmtilegast:

„Að njóta lífsins og bergja af bikar þess í botn í víðum skilningi.“

Leiðinlegast:

„Að hitta fyrir fólk sem er með leiðindi.“

Við höfum flutt
verslun okkar og
hönnunarverkstæði
ofar á Laugavegin
í rúmgott
og bjart húsnæði
að Laugavegi 52
Gull & Silfur
Sími: 552 0620



**BRÚÐAR
GJAFIR**

...
Gallerí Fold
Kringlunni og Rauðarárstíg

LISTMUNASALA

fold

Viltu nýta sumarið til góðra verka?

...næsta námskeið hefst 4. ágúst

Skráning á sumarnámskeið Hraðlestrarskólans
er hafin á www.h.is og í síma 586-9400



!

90,9

ALLT & SUMT

Með Hallgrími Thorsteinssyni, Helgu Völu Helgadóttur og Helga Seljan.

Á Talstöðinni alla virka daga kl. 15.

KS kaupir af Lýsi

Hópur fjárfesta með Kaupfélag Skagfirðinga í broddi fylkingar hefur gengið frá kaupum á Fóðurblöndunni og Bústólpa af Lýsi. Kaupverð fékkst ekki gefið upp. Fyrir á Kaupfélag Skagfirðinga fóðurverksmiðjuna Vallhólma auk þess að vera einn aðaleigandi Fóðurblöndunnar. Eyjólfur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Fóður-



KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA Hefur gengið frá kaupum á Fóðurblöndunni og Bústólpa af Lýsi.

blöndunnar, segir að enn hafi ekki verið ráðið í starf forstjóra hins nýja fyrirtækis en því sé hins vegar ekki að leyna að með kaupunum verði til eitt öflugasta fyrirtæki landsins í þjónustu við bændur: „Þetta verður geysilega öflugt og við teljum okkur vel í stakk búna til að takast á við samkeppni.“

-jsk

Oracle kaupir I-Flex

Bandaríska hugbúnaðarfyrirtækið Oracle hyggst kaupa 61 prósent hlut í indverska fyrirtækinu I-Flex, sem sérhæfir sig í hugbúnaðarlausnum fyrir banka. Hluturinn er metinn á tuttugu milljarða króna.

41 prósent er keypt af bandaríska fjárfestingafélaginu Citigroup Venture og tuttugu prósent af hluthöfum í Indlandi. Oracle hyggst bjóða rúma tuttugu dali á hlut.

„I-Flex er heitasta hugbúnaðarfyrirtækið í bankabransanum og hefur bætt við sig fleiri viðskiptavinum undanfarin þrjú ár en nokkurt annað fyrirtæki,“ sagði Larry Ellison, stjórnarformaður Oracle.



LARRY ELLISON, FORSTJÓRI ORACLE Oracle hefur nú keypt indverskt hugbúnaðarfyrirtæki á um tuttugu milljarða króna.

-jsk



ALDREI HÆRRI Úrvalsvísitalan sló eldra met í gær þegar hún endaði í 4.388 stigum.

Veruleg hækkun hlutabréfa

Úrvalsvísitalan hefur aldrei verið hærri, en hún endaði í 4.388 stigum. Alls hækkaði hún um 1,9 prósent í viðskiptum gærdagsins.

Úrvalsvísitalan hefur ekki hækkað jafn mikið milli tveggja viðskiptadaga síðan snemma í febrúar á þessu ári.

Fjármálafyrirtæki drógu vagninn í þessum miklu hækkunum. Landsbankinn hækkaði um 7,3 prósent, Straumur um 5,2 prósent og Íslandsbanki um tæp fjögur prósent. Burðarás hækkaði svo um 3,7 prósent.

- eþa



TEKJUR RYANAIR AUKAST Hagnaður eykst þrátt fyrir hækkanði olíuverð.

Hagnaður Ryanair eykst

Hagnaður írska lágfargjaldaflugfélagsins Ryanair jókst um 31 prósent á öðrum ársfjórðungi miðað við sama tímabil í fyrra, þrátt fyrir mikla hækkan á eldsneytisverði. Hagnaður félagsins nam 70 milljónum evra eða 5,5 milljörðum króna á tímabilinu en á sama tíma í fyrra nam hann 53 milljónum evra, rúmum fjórum milljörðum króna.

Tekjur Ryanair jukust um 35 prósent á milli ára og námu alls 405 milljónum evra, sem samsvorar 32 milljörðum króna.

- dh

Klár í stærðfræði?

Góð í tungumálum?

Flottur í tónfræði?

Ef þú sækir um Námskortid núna fylgir því 20 laga inneign hjá tonlist.is og USB-minnislykill að gjöf frá SPRON

SPRON Námskort – bankapjónusta fyrir allar tegundir námsmanna

Nýjung í Námskortinu

- Frítt EGO-kreditkort með 5000 kr. ferðaávisun og 2000 kr. bensíninneign hjá EGO-bensinstöðvunum*
- Tilboð á fartölvum hjá TASK og Hp-búðinni og frí fartölvutrygging
- Frítt Einkaklúbbskort
- 25% afsláttur af mánaðarskrift hjá tonlist.is
- Ekkert árgjald . . .

. . . auk þess fylgja kortinu, námsstyrkir, bókastyrkir, tölvukaupalán, greiðslupjónusta, ferðalán, frír GSM-banki og heimabanki, bankaábyrgð á LÍN, framfærslulán LÍN í erlendri mynt o.fl.



Coldplay-tónleikar í USA!

Notaðu Námskortid fyrir 10. sept. og taktu þátt í leik á spron.is – þú gætir unnið miða á Coldplay í USA, Ipod með 50 laga inneign á tonlist.is, árskort í bíó og margt fleira.

Talstöðin
FM 90,9




*Gildir til 17. september – bensíninneignin verður endurgreidd inn á kortið mánaðamótin september/október

Vikulegt flug til Kúbu

Vetrarbæklingurinn 2006
er kominn út

Vetrarævintýri Heimsferða

2006



Kúbuveisla

Í flyta á Íslandi
Vikulegt flug í mars og apríl
Frá kr. 59.490 kr.
Sjá bls. 12

Kanarí

Bestu gististaðirnir - lægsta verðið.
Frá kr. 28.295
Vikulegt í vetur
Sjá bls. 4

Jamaíca

Frá kr. 89.900 kr.
Sjá bls. 19

Glæsisiglingar

Frá kr. 84.600
Sjá bls. 26

Skíði í Austurríki

Frá kr. 29.990
Beint flug til Salzburg
Sjá bls. 28

Fegurstu borgirnar

- haust & vor

Frá kr. 29.990
Ferðir til fegurstu borga Evrópu
Sjá bls. 24




Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • www.heimsferdir.is

og fleiri vetrarævintýri

Heimsferðir kynna glæsilega vetraráætlun með nýjum og spennandi ferðamöguleikum á hagstæðari kjörum en áður hafa sést á íslenskum ferðamarkaði. Við bjóðum nú vikulegt leiguflug til Kúbu í mars og apríl og leggjum þar með þessa perlu Karíbahafsins að fótum Íslendinga á kjörum sem ekki hafa sést áður. Kanaríeyjar hafa aldrei verið jafn vinsælar enda fjöldi nýrra og glæsilegra gististaða í boði á ótrúlega hagstæðu verði. Beint flug til Salzburgar tryggir þér greiðan aðgang að frægustu skíðasvæðum Austurríkis, Flachau, Zell am See, Saalbach, St. Anton og Lech. Þetta er aðeins brot af ævintýrunum sem í boði eru.

Upplifðu ævintýrin með Heimsferðum í vetur!



Fegurstu borgirnar
- haust & vor
Frá kr. 29.990



Glæsisiglingar
Frá kr. 84.600



Jamaica
Frá 89.900 kr.

Sérferðir Kína - Sikiley - Perlur Kúbu

Tryggðu þér
10.000 kr.
afslátt af fyrstu
200 sætunum.

Kúbuveisla

Vikulega til Kúbu í mars og apríl

Heimsferðir bjóða nú í fyrsta sinn á Íslandi vikulegt leiguflug til Kúbu í mars og apríl. Nú getur þú valið um einnar eða tveggja vikna dvöl og skipt dvölinni á milli hinnar einstöku Havana og Varadero, einnar fegurstu baðstrandar Karíbahafsins. Einnig er í boði spennandi hringferð um Kúbu með íslenskum fararstjóra Heimsferða. Þetta er tækifæri sem ekki má láta framhjá sér fara.

Frá kr. **59.490**
Flugsæti með sköttum

Vikuferð frá
kr. **69.990**
Toppótel á ströndinni
– allt innifalið



Val um 1 eða 2 vikur

Kr. **28.295**

Flug, skattar og gisting, m.v. hjón með
2 börn, Paraiso Maspalomas, vikufé, 3. eða
10. janúar. Netverð með 15.000 kr. afslætti.

Kanarí

aldrei vinsælli

Heimsferðir hafa enn og aftur lækkað verðið til Kanaríeyja fyrir íslenska ferðalanga og aldrei hafa jafn margir bókað ferð með okkur til þessa vinsæla áfangastaðar. Kynntu þér lægsta verðið og bestu hótelin.

Kr. **57.590**
með hálfu fæði*

Flug, skattar og gisting, m.v. 2 í svitu á Suite
Hotel Maspalomas Dunas ****
– með hálfu fæði.

Kr. **68.690**
– allt innifalið*

Flug, skattar og gisting, m.v. 2 í svitu á Suite
Hotel Maspalomas Dunas ****
– allt innifalið.

Vikuferð 3. eða 10. janúar. Netverð.

* 15.000 kr. afsláttur af fyrstu 1.000 sætunum eða meðan
íbúðir eru lausar. Aðeins takmarkaður
fjöldi sæta í hverju flugi á afslætti. Gildir ekki um flugsæti
eingöngu. M.v. bókun og staðfestingu fyrir 1. ágúst 2005 eða
meðan afsláttarsæti
eru laus.

Frá kr. **29.990**

Flugsæti með sköttum, 28. jan.

**NÝTT
FLACHAU**

Beint flug til
Salzburg

28. jan. • 18. feb.
4. feb. • 11. feb.

Skíðaveisla

í Austurríki - Flachau - Zell am See

Heimsferðir bjóða beint flug til Salzburg, skammt frá bestu skíðalöndum Austurríkis. Í ár bjóðum við m.a. skíðaparadísina Flachau sem er í miðju Ski-amadé svæðisins og fjórða árið í röð bjóðum við einnig sívinsælur skíðaferðir til Zell am See. Kynntu þér framboð okkar á skíðaferðum og sannfærstu um að það er glæsilegra og á bestu kjörum sem bjóðast.

Kr. **59.990**
vikufé 28. jan.

Flug, skattar og gisting, m.v. 2 í herbergi á
gististað „án nafns“, 28. jan., vikufé með
morgunmat.



Heimsferðir

JOSEPH CONRAD (1857-1924)
lést þennan dag.



„Slúður er það sem enginn viðurkennir að líka við en allir njóta.“

Joseph Conrad var pólskur rithöfundur sem lifði ævintýrlegu lífi í franska sjóhernum en gaf út fyrstu bók sína á ensku.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Samkynhneigður maður verður biskup

Biskupakirkjan í Bandaríkjunum samþykkti þennan dag árið 2003 að tilnefna mann til biskups-embættis sem lýst hafði því opinberlega yfir að hann væri samkynhneigður. Séra Gene Robinson var samþykktur með meirihluta atkvæða nefndar þar sem bæði sátu prestar og leikmenn. Robinson er fráskilinn faðir tveggja barna og hafði á þessum tíma átt sambýlismann til fjórtán ára. Robinson sagði af þessu tilefni að hann væri þess fullviss að geta betur þjónað samkynhneigðum innan kirkjunnar með því að vera góður biskup frekar

en að vera samkynhneigður biskup. Samkunda biskupa varð að samþykkja tilnefningu Robinsons og seinkaði þeirri samþykkt um einn dag þar sem upp komu ásakanir um óviðeigandi kynferðishegðun af hans hálfu. Þær voru hins vegar látnar niður falla og 5. ágúst kusu tveir þriðju hlutar biskupasamkundunnar að Robinson yrði fyrsti samkynhneigði biskup Biskupakirkjunnar. Hann var svarinn í embætti í nóvember 2003 og tók við starfi í mars á næsta ári. Allan þennan tíma heyrðust mótmælarraddir úr ýmsum áttum.



3. ÁGÚST 2003

MERKISATBURÐIR

- 1957 Tunku Abdul Rahman prins verður fyrir valinu sem leiðtogi Malasíu sem hlýtur sjálfstæði frá Bretum á sama tíma.
- 1958 Kjarnorkukafbáturinn Nautilus siglir til Norður-pólsins.
- 1969 Um tuttugu þúsund manns eða tíundi hver Íslendingur er á Sumarhátíð í Húsafellsskógi þar sem Trúbrot spilar fyrir dansi.
- 1980 Hrafnseyrahátíð er haldin til að minnast þess að 100 ár eru liðin frá andláti Jóns Sigurðssonar.
- 1984 Ringo Starr, trommuleikari Bítanna, kemur til Íslands. Hann er heiðursgestur á útihátíð í Atlavík þar sem hann tekur lagið með Stuðmönnum og Gunnari Þórðarsyni.

ANDLÁT

Magnús Benedikt Guðni Guðmundsson, frá Kljá, lést á St. Franciskuspítalanum í Stykkishólmi fimmtudaginn 28. júlí. **Höskuldur Stefánsson**, Ranavaði 3, Egilsstöðum, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað föstudaginn 29. júlí. **Guðbjörg Þórðardóttir** kennari, Grana-skjólí 23, Reykjavík, lést á Landspítala við Hringbraut laugardaginn 30. júlí. **Jóna Benediktsdóttir**, frá Vöglum, Eyja-fjarðarsveit, lést 31. júlí.

JARÐARFARIR

- 13.00 **Þórður Jón Guðlaugsson**, fyrrverandi útibússtjóri Sparisjóðs Norðfjarðar á Reyðarfirði, Ljárskógum 5, Reykjavík, verður jarðsönginn frá Viðistaðakirkju í Hafnarfirði.
- 14.00 **Berta Bergsdóttir**, dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, verður jarðsöngin frá Akranesirkirkju.



KARL Á REYKJAVÍKFLUGVELLI Karl kom árlega til landsins næstu fimm árin og renndi fyrir lax í Hofsá. Á þessari mynd sést hann meðal annars með Kristjáni Má Unnarssyni fréttamanni.

ÞRÍR ÁRATUGIR SÍÐAN KARL BRETAPRINS VEIDDI FYRST Í HOFSA:

Veifaði alltaf bændunum

„Mér virtist prinsinn vera mjög geðþekkur ungur maður,“ sagði Omar Ólafsson, yfirflugstjóri hjá flugfélaginu Vængjum, í samtali við Vísi árið 1975 eftir að hafa flogið með Karl Bretaprins frá Keflavík til Vopnafjarðar. Þar dvaldi Karl í góðu yfirlæti við veiðar í Hofsá næstu daga og hafði 28 laxa upp úr krafssinu. Honum líkaði vistin svo vel að hann sneri aftur á hverju sumri næstu fimm árin.

Pétur Valdimar Jónsson, bóndi á Teigi við bakka Hofsár, segist muna vel eftir þessum tímum. „Það fór ekki fram hjá

manni að hann var á svæðinu,“ rifjar hann upp. Pétur mætti Karli stundum í hliðum í ánni sem þeir opnuðu hvor fyrir öðrum og skiptust á kveðjum en kynntist honum að öðru leyti ekki. „Hann var bara eins og hver annar veiðimaður, ákaflega alþýðlegur og fljótur að þekkja bíla bændanna í kring og veifaði þeim alltaf. Að öðru leyti fór lítið fyrir honum.“

Pétur segir að heimsókn Karls hafi ekki vakið mikla eftirtekt í sveitinni en hún gerði það sannarlega í fjölmíðlum og öryggisgæsla var afar ströng til að koma í veg fyrir að blaðamenn og ljósmyndarar kæmust í tæri við Karl. „Það var ferlegt stress hérna fyrsta árið og lög- regluvörður hér allt í kring, en svo róadist þetta í seinni skiptin sem hann kom.“ Í ágúst árið 1979 var Karl staddur í Hofsá þegar þau tíndi bárust að írski lýðveldisherinn hefði ráðið jarlinn af Mountbatten, náfrænda



HOFSA Karl Bretaprins veiddi alls 28 laxa fyrsta sumarið sem hann renndi fyrir fisk hér á landi.

Karls, af dögum í sprengjutilræði. „Hann rauk burt daginn eftir og það var í síðasta skipti sem hann kom hingað,“ segir Pétur og tekur undir að sennilega sé Bretaprins frægasti maður á heimsvísu sem hefur rennt fyrir lax í Hofsá.

Pétur segist ekki hafa hugsað sér að halda sérstaklega upp á daginn enda hefur hann öðrum hnöppum að hneppa þar sem heyskapurinn er í hámarki. ■

AFMÆLI

Jóhanna Björnsdóttir, húsfreyja á Bjarghúsum, Vestur-Hópi, nú til heimilis á Langhóltsvegi 26, verður 75 ára á morgun. Hún tekur á móti gestum hinn 4. ágúst í Húnabúð í Skeifunni 11 frá kl. 18.00.

Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands, er 62 ára.

Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi er 53 ára.

Eyjólfur Sverrisson knattspyrnu- maður er 37 ára.

Tómas Lemarquis leikari er 28 ára.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

- 1801 **Joseph Paxton** landslagsarkitekt og hönnuður Kristalshallarinnar.
- 1912 **Gene Kelly** dansari.
- 1926 **Tony Bennett** söngvari.
- 1940 **Martin Sheen** leikari.
- 1963 **James Hetfield** söngvari Metallica.



Ástkær faðir okkar, afi og bróðir,
Óskar Egill Axelsson (Sissi)
Njálsgötu 80, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 26. júlí. Útförin hefur farið fram. Hinn látni hvílir í Gufuneskirkjugarði.

Ása Óskarsdóttir
Oddný Óskarsdóttir og afabörn
Ingimundur Axelsson
Steinunn Axelsdóttir
Hallgrímur Hallgrímsson
Lárus Konráðsson
Páll Konráðsson
Erla Lárusdóttir
Aðalheiður Ingimundardóttir og fjölskylda.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Gunnar Jóhannsson
smiður,
Blikabraut 10, Keflavík,

lést á Garðvangi, Garði, sunnudaginn 30. júlí. Jarðarförin auglýst síðar.

Hildur Gunnarsdóttir
Jóhann Gunnarsson
Guðmundur Gunnarsson
Guðrún Bríet Gunnarsdóttir
Kolbrún Gunnarsdóttir
Hrefna Gunnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, fæður, tengdafaður, afi og langafi,

Tryggva Ingimars Kjartanssonar
Brekkgötu 10, Akureyri.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Heimahlynningar og á Dvalarheimilinu Hlíð.

Kristbjörg Jakobsdóttir

Aðalsteinn Tryggvason
Hólmfríður Dóra Sigurðardóttir
Haukur Tryggvason
Sigrún Kjartansdóttir
Kjartan Tryggvason
Sólrun Stefania Benjamíndóttir
Jakob Tryggvason
Guðrún Andrésdóttir
Sigurður Rúnar Tryggvason
Inga Margrét Ólafsdóttir
Halldór Ingimar Tryggvason
Guðný Sverrisdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

LEGSTEINAR
S: HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

90 ÁRA afmæli

Sameiginlegt afmæli, eiga hjónin Ómar S. Harðarson (50 ára) og Ingibjörg Kolbeinsdóttir (40 ára) í ágúst.

Af því tilefni efna þau til móttöku í SEM-salnum, Sléttuvegi 3, Reykjavík, fimmtudaginn 4. ágúst frá kl. 17.00-19.00.

Allir vinir, vandamenn og núverandi eða fyrrverandi samstarfsfólk eru velkomin.



4440

milljónir

110 + 330

1. vinningur



Tvöföld spennna

Polir þú álagið?

Fyrsti vinningur í Víkingalottóinu þessa vikuna er tvöfaldur svo það er tvöföld ástæða til að spila með.

BÓNUS-
VINNINGUR
12
MILLJÓNIR

Skelltu þér á miða á næsta sölustað eða á lotto.is fyrir klukkan **16** í dag, eða fáðu þér miða í **áskrift**.

V Í K I N G A
LOTTO
Alltaf á miðvikudögum!



Stórt tap fyrir Dönnum

Íslenska piltalandsliðið í knattspyrnu, skipað leikmönnum 16 ára og yngri, steinlá fyrir Dönnum, 4-0, í sínum fyrsta leik á opna Norðurlandamótinu sem hófst í gær. Íslenska liðið átti aldrei möguleika gegn firnasterku liði Dana þar sem Mads Thunø Laudrup, sonur hins kunna Michaels Laudrup, fór fyrir sínu liði og skoraði eitt mark.

sport
sport@frettabladid.is

UNDANÚRSLITIN Í VISA-BIKARNUM HEFJAST Í KVÖLD: FRAM OG FH MÆTAST Á LAUGARDALSVELLI

Eini möguleiki Fram til þess að vinna titil

Það verður hart barist í kvöld þegar Fram og FH mætast í undanúrslitum í VISA-bikarkeppni karla. Bæði félögin hafa náð ágætis árangri í bikarkeppninni, þó Fram sé mun sigursælla þegar saga íslenskrar knattspyrnu er skoðuð.

Fram hefur fimmtán sinnum leikið til úrslita og hefur unnið undanúrslitaleiki í tólf síðustu skipti, en sjö sinnum farið með sigur af hólmum í keppninni. Ólafur Kristjánsson, þjálfari Fram og fyrrverandi leikmaður FH, var Hafnarfjarðarfélaginu innan handar þegar Danirnir Allan Borgvardt og Tommy Nielsen komu hingað til lands en Ólafur þjálfaði Borgvardt hjá AGF í dönsku knattspyrnunni þegar hann starfaði þar. „Ég hjálpaði til við að fá leikmennina hingað til lands. En núna er ég að þjálfra hjá Fram

og reyni að einbeita mér að því að fá liðið til þess að leika eins og það getur best. Ég þekki ágætlega til leikmanna og þjálfara FH, en það eru einstaklingar hjá FH sem erfitt er að eiga við. Tryggvi Guðmundsson og Allan Borgvardt geta báðir gert hluti sem andstæðingarnir búast ekki við, og þá verðum við að passa vel.“

Heimir Guðjónsson, fyrirlíði FH, segir alltaf sérstaklega gaman að taka þátt í bikarleikjum og vonast eftir því að

geta lokið ferli sínum með því að vinna bikarúrslitaleikinn, en hann ætlar að leggja skóna á hilluna að yfirstandandi tímabili loknu. „Síðast var FH í úrslitaleikum 2003 og þá töpuðum við fyrir ÍA. Það er kominn tími á að vinna bikarinn og vonandi gengur það eftir. Ég vonast auðvitað til þess að geta lokið ferli mínum með því að lyfta bikarinn og sigur í leiknum gegn Fram er nauðsynlegur til þess að það aetlunarverk náist.“



> Við furðum okkur...

... á því að forráðamenn KSÍ skuli ekki hafa farið upphaflega í samningaviðræður við Kólumbíu um vinnutalandsleik á Laugardalsvelli hinn 17. ágúst næstkomandi.

Sambandið kaus frekar að fá leikvið Venesúela, lið sem er mun lakara en Kólumbía, en var síðan svikið af kollegum sínum þar í landi. Sem betur fer, því nú fá knattspyrnumenn að sjá mun áhugaverðara og betra landslið mæta því íslenska eftir tvær vikur.

> Við hrósum ...

... Valsmanninum unga Bjarna Ólafi Eiríkssyni, sem hefur með góðri frammistöðu með liði sínu í sumar tryggt sér sæti í íslenska landsliðshópnum í knattspyrnu.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR? AGÚST

31 1 2 3 4 5 6

Miðvikudagur

LEIKIR

- 19.40 Fram og FH mætast á Laugardalsvelli í VISA-bikar karla.
- 19.00 Valur og Keflavík mætast í Landsbankadeild kvenna að Hlíðarenda.

SJÓNVARP

- 17.35 Sterkastí maður heims á Sýn.
- 18.30 Meistaradeild Evrópu á Sýn.
- 19.40 Undanúrslit bikarkeppni karla Fram-FH á RÚV.
- 20.10 Meistaradeild Evrópu á Sýn.
- 22.20 HM íslenska hestsins á RÚV.
- 22.20 Meistaradeildin - Gulleikur á Sýn.

Engin vandræði hjá Liverpool

Liverpool átti ekki í neinum vandræðum með að tryggja sér sæti í þriðju umferð Meistaradeildar Evrópu með 5-1 samanlögðum sigri á Kaunas frá Litháen. Celtic var aðeins hársbreidd frá því að takast hið ómögulega.

FÓTBOLTI Það voru varamennirnir Steven Gerrard og Djibril Cisse sem skoruðu mörk Liverpool undir lok leiksins í gærkvöldi, en liðið hafði fram að þeim tíma leikið nokkuð undir getu og virtust leikmenn aðeins leika með hálfum hug eftir að hafa unnið fyrri leikinn í Litháen 1-3. Rafael Benitez, stjóri liðsins, stillti nánast upp B-liði sínu í leiknum og gerði átta breytingar frá því í fyrri leiknum.

Allt annað var að sjá til Liverpool eftir að Gerrard kom inn á þegar um hálf tími var eftir og undirstrikaði hann enn og aftur hversu mikill yfirburðamaður hann er í liðinu. „Hann er að skora mikið af mörkum fyrir okkur og það sést að

hann er í mestum metum hjá stuðningsmönnum um þessar mundir,“ sagði Benitez eftir leikinn. Það var þó annar leikmaður sem fékk mesta hrósið hjá stjóra sínum. „Momo Sissoko var besti maðurinn á vellinum í kvöld að mínu mati. Ég var mjög ánægður með hann,“ sagði Benitez, en Sissoko kom frá Valencia fyrir nokkrum vikum.

Engu munaði að Glasgow Celtic frá tækist að komast í sögubækurnar í gærkvöldi með því að vinna upp 5-0 tap frá því í fyrri leik sínum við Artmedia Bratislava frá Slóvakíu. Celtic sigraði 4-0 á heimavelli sínum í gær og var grátlega nálægt því að tryggja sér framlengingu. En hörmuleg frammistaða liðsins í



fyrri leiknum vóg þyngra en hin magnaða frammistaða í gær og því er skoska stórveldið úr leik í Meistaradeildinni í ár.

ÞEIR TVEIR BESTU Momo Sissoko og Steven Gerrard var sérstaklega hrósað af stjóra sínum eftir leik Liverpool við Kaunas í gærkvöldi þar sem þeir rauðklæddu fóru með öruggan sigur af hólmum.

- vig

Landsleikurinn á Laugardalsvelli 17. ágúst:

Ísland mætir Kólumbíu í stað Venesúela

FÓTBOLTI Ísland mætir Kólumbíu í landsleik í knattspyrnu 17. ágúst á Laugardalsvelli, en fyrir skemmstu var leik Íslands og Venesúela á þessum sama degi aflyst.

Kólumbía er töluvert sterkari knattspyrnuþjóð en Venesúela og hefur verið með eitt sterkasta landslið Suður-Ameríku á undanförunum árum. Landslið Kólumbíu er númer 25 á heimslistanum og hefur verið á meðal þrjátíu bestu þjóða heims undanfarin misseri.

Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Knattspyrnusambands Íslands, segir ánægjulegt að leiknum hafi verið komið á.

„Þetta kom nú nokkuð fljótt upp. Eftir að Venesúela afboðaði komu sína þurftum við að bregðast fljótt við og fljótlega náðist samkomulag við Kólumbíumenn. Það er ánægjulegt að geta fengið landslið Kólumbíu hingað því það er virkilega gott lið.“

Logi Ólafsson og Ásgeir Sigurvinsson landsliðsþjálfarar hafa nú þegar valið hópinn fyrir leikinn og er Bjarni Ólafur Eiríksson, vinstri bakvörður hjá Val, eini leikmaðurinn í hópnum sem ekki hefur leikið landsleik. Athygli vekur að Kristján Finnbogason, markvörður KR, heldur sæti sínu í hópnum, en jafnvel var talið að

Daði Lárusson, markvörður FH, yrði valinn að þessu sinni.

„Það má segja að Daði sé þriðji markvörðurinn inn í hópinn. Ég og Ásgeir vorum hins vegar ánægðir með hópinn sem var síðast hjá okkur og ákváðum að nota sömu leikmenn í þetta verkefni og við vorum með í hópnum gegn Mólту og Ungverjalandi.“ - mh

ÍSLENSKI HÓPURINN

Markverðir:	Válerenga
Árni Gautur Arason	KR
Kristján Finnbogason	
Aðrir leikmenn:	
Hermann Hreiðarsson	Charlton
Brynjar Björn Gunnarsson	Reading
Arnar Þór Víðarsson	Lokeren
Eiður Smári Guðjohnsen	Chelsea
Tryggvi Guðmundsson	FH
Auðun Helgason	FH
Heiðar Helguson	Fulham
Ólafur Örn Bjarnason	Brann
Indriði Sigurðsson	Genk
Gylfi Einarsson	Leeds
Kristján Sigurðsson	Brann
Veigar Páll Gunnarsson	Stabæk
Stefán Gíslason	Lyn
Grétar Rafn Steinsson	Young Boys
Gunnar Heiðar Þorvaldsson	Halmstad
Kári Árnason	Djurgården
Jóhannes Harðarson	Start
Helgi Valur Danielsson	Fylkir
Haraldur F. Guðmundsson	Aalesund
Hannes Sigurðsson	Viking

VISA BIKARINN

Undanúrslit karla



Miðvikudaginn 3. ágúst kl. 19:40

Fram - FH
Laugardalsvöllur



Fimmtudaginn 4. ágúst kl. 19:40

Valur - Fylkir
Laugardalsvöllur

Miðaverð:

Aðgangseyrir 1.000 kr. ef greitt er með VISA-kreditkort.

Fullt verð fyrir 17 ára og eldri 1.200 kr.

Fyrir 11 - 16 ára 300 kr.

Fritt fyrir 10 ára og yngri.

Ítarleg umfjöllun um bikarleiki sumarsins á www.visa.is/bikarinn

VISA styður íslenska boltann



VISA Bikarinn
FRAM - FH
Miðvikudag klukkan 19:40
Fylgstu með á boltavakt Vísis

Staðreynd

Master

Mercedes Benz

ML 350 2006

Sjálfskiptur 7 þrepa Geartronic,
Tvíþætt leðurinnrétting, Þjófa- & dráttarvörn,
Command APS DVD leiðsögukerfi,
Harman / Kardon Digital Surround
hljómkerfi með 11 hátölurum, Thermatronic
loftkæling, Geisladiskamagasin, Teppamottur,
Rafdrifin glersóllúga, Hiti í sætum,
Dökkar rúður, Regnskynjari, Viðarmælaborð,
Aðfellanlegir speglar, Viðarklæðning í mælaborði

6.550.000,-



MASTER

Master ehf, Glæsibæ, Álfrheimum 74, 104 Reykjavík, sími 540 2200

www.masterbill.is

Þjónustuaðili Mercedes Benz á Íslandi frá upphafi er

RÆSIR HF

Askja

Mercedes Benz

ML 350 2006

Sjálfskiptur 7 þrepa Geartronic,
Tvíþætt leðurinnrétting, Þjófa- & dráttarvörn,
Command APS DVD leiðsögukerfi,
Harman / Kardon Digital Surround
hljómkerfi með 11 hátölurum, Thermatronic
loftkæling, Geisladiskamagasin, Teppamottur,
Rafdrifin glersóllúga, Hiti í sætum,
Dökkar rúður, Regnskynjari, Viðarmælaborð,
Aðfellanlegir speglar, Viðarklæðning í mælaborði

7.761.700,-*

* samantekin verð úr verðlista Öskju þann 26. Júlí 2005

Vantar þig...



**YFIR 150.000 ÍSLENDINGAR
LESA FRÉTTABLAÐIÐ AÐ
MEÐALTALI Á HVERJUM DEGI.
SMÁUGLÝSING Í FRÉTTA-
BLAÐINU ER ÓDÝR OG ÁHRIFARÍK
LEIÐ SEM TRYGGIR MESTU
HUGSANLEGU ÚTBREIÐSLU
Á SKILABOÐUM ÞÍNUM.
AUGLÝSINGIN ER AUK ÞESS BIRT
ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU
Á VISIR.IS.**

**PANTAÐU SMÁUGLÝSINGAR
Í SÍMA 550 5000 EÐA Á VISIR.IS.**

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

STUÐ MILLI STRÍÐA : Hin fullkomna útilega

BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR ÁTTI ÁGÆTIS VERSLUNARMANNAHELGI.



Var búin að skipuleggja yndislega útilegu um síðustu helgi. Ætlaði með kærastanum mínum og vinum okkar á út á land þar sem við hugðumst tynast í ævintýrunum. Jökulsárlón, humar á Stokksseyri, gufa á Laugarvatni og eldamennska með primus í annarri og bollasúpu í hinni. Allt þetta sá ég í hillingum.

Föstudagurinn kom svo og kærastinn fylltist af kvefi. Ákváð-

um að fresta og gá hvort að ekki væri hægt að leggja í hann bara á laugardeginum þegar hornösin væri horfin. Laugardagurinn kom og ég fylltist af kvefi. Æðislegt. Heppnin bara eltir mann hérna. Föst heima og hver fer líka kvefaður í útilegu? Enginn með viti hef ég heyrt.

Leigðum spólu. Leigðum aðra spólu. Leigðum þriðju spóluna. Aviator er bara nokkuð góð þrátt fyrir að vera Hollywood-mynd og spurning hvort Martin Scorsese hefði ekki bara átt að fá Óskarinn. Leo er klár og jafnvel betri en í Titanic forðum daga. Nei? Hætti ég nú alveg?

Gáfumst upp á spóluglápi og fórum í sumarbústaðaland foreldra

minna á sunnudaginn. Borðuðum læri grillað á einnota grilli og sátum við lítinn varðeld og grilluðum sykurpúða. Pissuðum úti og sváfum í tjaldvagni með iskaldan nebb. Alvöru útilega og engar kirkjuklukkur sem vekja mann hér, takk fyrir. Fundum þarna uppskriftina að hinni fullkomnu útilegu. Galdurinn er að trodast inn á annað fólk. Dykjast vera veikur og koma of seint, þegar fólk er búð að eyða miklum tíma í að koma sér fyrir. Kíkja þá í heimsókn, borða matinn þeirra og sofa í tjaldinu þeirra. Ha, ha, ha. Fara svo áður en þau byrja að taka saman svo maður þurfi ekki einu sinni að hjálpa. Ahhh, algjör afslöppun og helgin reddaðist fínt. Takk fyrir mig.

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



PÚ OG PA

Eftir SÖB



KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott





HINSEGIN DAGAR Í REYKJAVÍK 4.-7. ÁGÚST 2005

GAY PRIDE



FIMMTUDAGUR 4. ÁGÚST

Kl. 21 (mætið stundvíslega)

DÍVUKVÖLD á NASA

Carol Laula frá Skotlandi, Eva Karlotta og fleiri
Miðaverð 1.000 kr.

FÖSTUDAGUR 5. ÁGÚST

OPNUNARHÁTÍÐ í Loftkastalanum kl. 20:30 (húsið opnar kl. 20)

Ruth og Vigdís frá Noregi, Hommaleikhúsið Hégómi, Carol Laula, Eva Karlotta, Tvíeykið Tarnín, Uta Schrecken og félagar frá San Francisco og Namosh frá Berlín

Gay Pride party í anddyri leikhússins að lokinni sýningu
Miðaverð: 1.500 kr.

Á miðnætti

Stelpnaball í Iðnó • **Strákaball** á Pravda
Miðaverð 1.000 kr.

LAUGARDAGUR 6. ÁGÚST

Kl. 15

GLEÐIGANGA

Byrjað er að stilla upp göngunni kl. 13 og lagt af stað kl. 15 í glæsilegri gleðigöngu frá Hlemmi eftir Laugavegi niður í Lækjargötu.

Kl. 16:15

HINSEGIN HÁTÍÐ Í LÆKJARGÖTU

Meðal skemmtikrafta: Páll Óskar, Þórunn Lárusdóttir, Magnús Jónsson og Felix Bergsson úr Kabarett, Hanna María & Ingrid, Hljómsveitin Eldkex, Arnar Þór, Allstars með Evu Maríu og Love Guru, Ylfa Lind, Namosh, Eva Karlotta og Ruth & Vigdís.

Hátíðarávarp: Árni Magnússon félagsmálaráðherra

Kynnir: Viðar Eggertsson

HINSEGIN HÁTÍÐARDANSLEIKIR

NASA – DJ Páll Óskar • **Pravda** • **Nelly's** Miðaverð: 1.000 kr.

SUNNUDAGUR 7. ÁGÚST

Kl. 15:00

FÓTBOLTALEIKUR

Hommarir í *New York Ramblers Soccer Club* keppa við úrvalslíð íslenskra lesbía á KR-vellinum
Miðaverð: 500 kr.

VIP-KORT

4.500 kr. gildir á alla viðburði hátíðarinnar
Fást hjá Samtökunum 78

HINSEGIN DAGAR



REYKJAVÍK
GAY PRIDE



HLJÓMSVEITIN TRABANT Plötuumslag Emotional, nýjstu skífu hljómsveitarinnar Trabant. Trabant leikur á tónleikum í Kaupmannahöfn um helgina sem eru liður í kynningu þeirra á plötunni sem var að fara í dreifingu í Skandinavíu.

Útrás Trabant byrjar í Köben

Hljómsveitin Trabant heldur tónleika á staðnum Rust eða Ryð í Kaupmannahöfn næstkomandi laugardagskvöld. Tónleikarnir eru þeir fyrstu sem sveitin heldur í Skandinavíu eftir að plata þeirra Emotional fór í dreifingu þar nýverið. „Það er kominn tími á að fylgja útkomu plötunnar eftir með tónleikum í Kaupmannahöfn. Við lékum á tónleikum í Konunglega Danska Leikhúsinu í Kaupmannahöfn í fyrra þar sem verið var að frumsýna leikritið Galskap sem leikstýrt var af Agli Heiðari Antoni Pálssyni. Það var svaklegt stuð og við vonumst til að

þessir tónleikar verði ekki sífari en þeir. Þetta er fyrsta skrefið í innrás Trabant í Skandinavíu,“ segir Þorvaldur Gröndal trommari í Trabant, sem segir Rust vera einhverja meðalrokkbúllu er rúmi nokkur hundruð manns.

Trabant var að koma frá Bretlandi þar sem sveitin lék á tvennum tónleikum í London og ætla þeir félagarnir að halda aftur til Bretlands með haustinu og fylgja eftir nýrri smáskífu sem verður gefin út þar í landi. Plata þeirra Emotional kemur svo út á Bretlandi í byrjun næsta árs. ■

Kemur í næstu viku

Sjokkrokkarinn Alice Cooper kemur hingað til lands í næstu viku ásamt föruneyti sínu. Cooper hefur verið á tónleikaferðalagi um Evrópu og lýkur því í Kaplakrika 13. ágúst. Hingað kemur hann frá Noregi þar sem hann gengur fram af áhorfendum með öflugri sviðsframkomu. Hljómsveitirnar sem hita upp fyrir Cooper eru Dimma, Sign, Dr. Spock og Brain Police.



ALICE COOPER Sjokkrokkarinn Alice Cooper er á leiðinni til Íslands.

Gervais og Homer skiptast á eiginkonum

Leikarinn Ricky Gervais, sem sló í gegn í gamanþáttunum The Office, segir að einn af draumum sínum hafi ræst þegar hann fékk að semja handrit að þætti um Simpson-fjölskylduna.

Gervais lék einnig í þættinum, sem verður sýndur í Bandaríkjunum í mars á næsta ári. „Þegar ég byrjaði í gríninu dreymdi mig um að koma brandara að í The Simpsons,“ sagði Gervais. „Núna er ég búinn að semja heilan þátt. Ég bið bara eftir því að vakna upp af þessum draumi einn daginn.“

Persónan sem Gervais leikur í þættinum er byggð á hinum mjög

svo pirrandi skrifstofustjóra David Brent úr The Office. Í þættinum, sem kallast „Wife Swap“ skiptast hann og Homer á eiginkonum. Gervais flytur á heimili Simpson-fjölskyldunnar og býr þar með Marge á meðan Homer flytur inn til eiginkonu Gervais.

Gervais segist hafa skemmt sér konunglega við gerð þáttarins ásamt hinum handritshöfundunum. „Þeir vitnuðu í The Office fyrir mig og til að sýna þeim að ég væri eins góður og þeir vitnaði ég í The Simpsons á móti,“ sagði hann. „Við slógum hver annan svo fast á bakið að við vorum orðnir eldrauðir.“ ■



RICKY GERVAIS Grínistinn sem sló í gegn í The Office lét draum sinn ræstast og skrifaði handrit að þætti um Simpson-fjölskylduna.

Kúturinn með slöngunni ógeðslegastur

Furðusirkus Jim Rose hélt af landi brott síðastliðinn laugardag eftir vel heppnaða sýningu á Broadway á fimmtudagskvöldið. „Þetta gekk allveg frábærlega vel. Allt gekk snurðulaust fyrir sig og áhorfendur skemmtu sér konunglega,“ segir Ísleifur Þórhallsson hjá Event, sem stóð fyrir komu sirkussins. „Þeir voru ánægðir með viðbrögð áhorfenda og sögðu sýninguna með þeim skemmtilegri sem þeir hefðu haldið í langan tíma.“

Jim Rose og föruneyti dvaldi hér á landi í heila viku og hafði það náðugt í blíðviðrinu. Þau fóru á Laugarvatn og í Bláa lónið á milli þess sem þau spókuðu sig um í miðbænum. Þau gerðu meðal annars barinn Sirkus að sínum heimabær, sem kemur kannski ekki á óvart.

Ísleifur segir að enginn hafi labbað út úr salnum á Broadway þrátt fyrir að sirkusinn hafi boðið uppi á ýmislegt ókræsilegt. „Ég held að fólk hafi vitað hvað það var að fara út í. Það vantaði samt ekki viðbrögðin. Menn gripu fyrir augum og tóku andköf en það var ekkert annað óeðlilegt í gangi,“ segir hann.

Hann bætti því við að samkvæmt samdóma álitu áhorfenda hefði ógeðslegasta atriðið verið þegar einn úr sirkusnum dældi úr kút með ýmsu ógeði ofan í magann



SIRKUS JIM ROSE Sirkusinn skemmti sér konunglega hér á landi í heila viku.

á sér í gegnum slöngu. Síðan ældi hann því upp og dældi því síðan aftur í magann. Á meðal annarra atriða var fyrsta kynfæratogið á milli konu og karls, þar sem fulltrúi kvenþjóðarinnar var Amber Pie. Fest var keðja á milli kynfæra þeirra beggja og toguðu þau hvort í sína áttina þangað til annað gafst upp. Amber bar sigur úr býtum og sýndi og sannaði að kvenkynið er sterkara.

Piltur í salnum datt síðan í lukku-

pottinn þegar hann fékk bláan smokk í lok sýningarinnar. Hann fékk að setjast uppi á svið og beið þar þangað til hann fékk að hitta Amber baksviðs eftir sýninguna. Ekki fylgir sögunni hvað gerðist á milli þeirra þann klukkutíma sem þau máttu eyða saman.

Annars voru Jim Rose og félagar hæstánægðir með komuna hingað og bjuggust við því að koma aftur til Íslands einhvern tímann í framtíðinni. ■

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Formúlu-töffaraheit

Ég held að það geti flestir verið sammála því að það vanti töffarastelpur í rokkið í dag. Eða þá bara stelpur í tónlist yfir höfuð! Hvað er það sem er að stoppa ykkur stúlkur? Við elskum þegar þið takið ykkur til og stofnið hljómsveitir. Kýlið á þetta, og engar áhyggjur, þið þurfið ekkert að kunna að spila.

London-sveitin The Duke Spirit er því þó nokkur léttir. Þetta er fimm manna hljómsveit með myndarlega ljóska í fremstu víglínu sem lítur út eins og yngri systir Elízu í Kolrössu Krókríðandi og syngur örlítið eins og Karen O úr Yeah Yeah Yeah's. Anorexiurokkdrottningin P.J. Harvey hefur svo greinilega verið áhrifavaldur líka ... í söng, ekki í mataræði.

Rætur tónlistarinnar ná í sama kaktus og Jesus and Mary Chain sóttu safa sinn, sem sagt ekkert sérlega ósvipað Singapore Sling heldur, nema hvað þessi sveit á það til að semja grípandi lög annað slagið. Þetta er því eitursvalt, og bara nokkuð ánægjulegt í leiðinni.

Ég samt byrjaður að óttast svolítið um breskt rokk. Svo virðist sem sveitir fái ekki plötusamning lengur nema að þær minni plötufyrirtækin á einhverja eldri sveit. Það er ákveðin stöðnun í gangi, sem er undar-



THE DUKE SPIRIT

CUTS ACROSS THE LAND

NIÐURSTAÐA: The Duke Spirit er ný töffarasveit frá London sem var að gefa út fyrstu plötu sína. Þetta er töffararokk eftir formúlunni, tekur litlar áhættur, en útkoman er vel yfir meðallagi. Ekki skemmir að það er ljóska í fremstu víglínu með blúsaða sandpappírrodd.

legt þar sem breskt rokk hefur í gegnum tíðina verið þekkt fyrir ferskleika og nýbreyttni. Þess vegna hljóma flestar rokksveitir sem eru að koma frá Bretlandi núna nokkuð kunnuglega, eins og þessi. Mér finnst það hálfgerð móðgun við yngri kynslóðir að halda að það sé alltaf hægt að endurvinnna gamla rétti ofan í þau, bara með því að hita þá aðeins í örbylgjunni. Ekki þá að þessi plata sé slæm, hún er reyndar bara nokkuð fín. Mig er bara farið að þyrsta í að rokkið farið að enduruppötva sig aftur í stað þess að stæla það sem þegar er búið að gera.

Birgir Örn Steinarsson



FRANZ FERDINAND Skoska hljómsveitir Franz Ferdinand gefur út nýja plötu 3. október.

Plata Franz fær nafn

Næsta plata skosku hljómsveitarinnar Franz Ferdinand, sem heldur tónleika hér á landi 2. september, hefur fengið nafnið You Could Have It So Much Better.

Upphaflega átti platan ekki að heita neitt, heldur átti hún að þekkjast af litnum einum og sér. Platan kemur út 3. október en fyrsta smáskífulagið Do You Want To kemur út 19. september. ■



Talstöðin
FM 90,9

**UPPGÖTVUM
REYKJAVÍK
UPP Á NÝTT!**

SIRKUS
NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓN.

KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA
VERÐ KR. 300
FÆST Á ÖLLUM HELSTU
BLADSÖLUSTÖÐUM LANDSINS

Ódýrari skólavélar

2.940,-

Traust vörumerki og fyrsta flokks þjónusta

3.730,-

Fartölva

HP Compaq nx6125 S3100+ 15.0
PY420EA
Örgjörvi: AMD Sempron 3100+ (1.8Ghz)
Þyngd: 2,7 kg
Höggvörn á hörðum disk
Vökvörn á lykilorði

Skjár: 15" XGA 1024x768
Öflugt skjákort, ATI X300
(allt að 128mb)

512 MB

Minni: 512MB DDR RAM
Mest 2 GB

DVD

Drif: DVD+/-RW
(DVD skrifari)

Lithiumrafhlaða allt að
3,45 klst (8,45 klst með
ferðarahlöðunni)

Fingrafaralesari
Kortalesari fyrir 6 gerðir
minnskorta

60 GB

Diskur: 60GB 4200rpm

802.11b/g WLAN
(þráðlaust netkort)

Stýrikerfi: Win XP-Pro
með servicepack 2

2.940,-
Tölvukaupalán 48 mán.*

8.325,-
Vaxtalaust í 12 mán.**

99.900,-
Staðgreitt

**Fyrsta
greiðsla
1. september**

Fartölva

HP Compaq nx6125 ML-34 15.0
PY416EA
Örgjörvi: AMD Turion ML-34 (1.8Ghz)
64 bita tækni. 1mb cache minni
Þyngd 2,7 kg
Höggvörn á hörðum disk
Vökvörn á lykilorði

3.730,-
Tölvukaupalán 48 mán.*

10.825,-
Vaxtalaust í 12 mán.**

129.900,-
Staðgreitt

Skjár: 15" SXGA 1400x1050
Öflugt skjákort, ATI X300
(allt að 128mb)

512 MB

Minni: 512MB DDR RAM
Mest 2 GB (stakur kubbur)

DVD

Drif: DVD+/-RW
(DVD skrifari)

Lithiumrafhlaða allt að
3,45 klst (8,45 klst með
ferðarahlöðunni)

Fingrafaralesari
Kortalesari fyrir 6 gerðir
minnskorta

80 GB

Diskur: 80GB 5400rpm
og Bluetooth

802.11b/g WLAN
(þráðlaust netkort)

Stýrikerfi: Win XP-Pro
með servicepack 2

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.I.S.
Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.

**Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur
á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við
samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum
greiðslum yfir samningstímann.

FYLGIR!

Verbatim

All In One

- 1) vefmyndavél,
- 2) minnislykill 128 mb,
- 3) ljósmyndavél,
- 4) videovél - 12 mín,
- 5) diktafónn 60 mín

**Að verðmæti
11.900,-**

Hugbúnaður

MS Office student version

Bættu við aðeins **1.416,-** á mánuði og
fáðu Word, Excel, Outlook og Power Point.
Vaxtalaust í 12 mánuði
Staðgreitt 16.990,-

3ÁR

Alþjóðleg ábyrgð

Bættu við **833,-** á mánuði og fá þú þér
þriggja ára alþjóðlega ábyrgð. Gildir í Evrópu og
Norður-Ameríku. Vaxtalaust í 12 mán.
Staðgreitt 10.000,-

McAfee

Vírusvörn og eldveggur

Bættu við **499,-** á mánuði og vertu öruggur.
Vaxtalaust í 12 mán
Staðgreitt 5.995,-

4+5t

Aukarafhlaða

Bættu við **1.570,-** á mánuði og vertu
lengur á ferðinni. Vaxtalaust í 12 mán.
Staðgreitt 18.900,-

Afgreiðslutímar verslana!

Office 1 Smáralind
Virka daga 11-19
Laugardaga 11-18
Sunnudaga 13-18
Office 1 Skeifunni
Virka daga 09-18
Laugardaga 11-18
Sunnudaga 13-18
Office 1 Akureyri
Office 1 Egilsstöðum
Virka daga 10-18
Laugardaga 11-17
Sunnudaga 13-17

Office 1 Superstore

Það er bara einn
sem er alltaf
ódyrastur!

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000 HUGSADU STÓRT

HVERJU MYNDIR ÞÚ FÓRNA FYRIR FJÖLSKYLDUNA?

„PRUSVEL HEPPND SPENNUMYND“ ***1/2 -ÓÐ K&F
 „...MYND SEM HÆGT ER AD LÍKJA VID DIE HARD, SPENNANDI OG SKEMMTILEG...“ *** -ÓÐ DV

MAGNAÐUR SPENNUTRYLLIR AF BESTU GERÐ

BRUCE WILLIS
HOSTAGE
 MEÐ BRUCE WILLIS Í TOPPFORMI blaðið

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30
